

HRÚTASKRÁ

2019 - 2020



SAUÐFJÁRSÆDINGASTÖÐ
SUÐURLANDS



SAUÐFJÁRSÆDINGASTÖÐ
VESTURLANDS

KRAFTBLANDA

Inniheldur Effekt Midi Island steinefnablöndu

KRAFTBLANDA-30

- 30% fiskimjöl
- Óerfðabreytt hráefni
- Lífrænt selen

KRAFTBLANDA-15

- 15% fiskimjöl
- Óerfðabreytt hráefni
- Lífrænt selen



Bústólpi

HJARTAÐ Í
ÍSLENSKUM LANDBÚNAÐI

Bústólpi ehf - fóður og áburður • Oddeyrartanga • 600 Akureyri
bustolpi@bustolpi.is • Sími 460 3350 • www.bustolpi.is

EFNISYFIRLIT

Skýringar	4
Frá sauðfjársæðingastöðvunum	6
Suðurland	
Hyrndir hrútar	8
Kollóttir hrútar	18
Fallnir hrútar 2018-2019.....	23
Hrútar 2019-2020, lambhrútaskoðun og kynbótamat.....	26
Vesturland	
Hyrndir hrútar	28
Kollóttir hrútar	36
Afkvæmarannsóknir vegna sæðingastöðvanna 2019.....	42
Kjötmat afkvæma sæðingastöðvahrúta haustið 2019.....	44
Árangur sæðinga vorið 2019 eftir sæðishrútum	45
Sauðfjársæðingar og beiðsli.....	46
Arfgerðir sauðfjár.....	48
Myndir frá Grænlandi.....	49

ATRÍÐISORÐASKRÁ

SUÐURLAND

HYRNDIR

Dreki 13-953	8
Spakur 14-801	8
Raxi 15-807	9
Búi 15-822 (nýr)	10
Mávur 15-990	10
Breki 16-824 (nýr)	11
Glámur 16-825 (nýr)	11
Stapi 16-829 (nýr)	12
Svavar 16-830 (nýr)	12
Glæpon 17-809	14
Köggull 17-810	14
Bruni 17-832 (nýr)	16
Kofi 18-833 (nýr)	16
Völlur 18-835 (nýr)	17

KOLLÓTTIR

Blær 11-979	18
Ebiti 13-971	18
Reykur 14-812	20
Plútó 14-973	20
Bliki 16-819 (nýr)	21
Viddi 16-820 (nýr)	21
Guðni 17-814	22

FELDFJÁR

Melur 12-978	23
--------------	----

FORYSTU

Nikulás 15-977	24
----------------	----

VESTURLAND

HYRNDIR

Gutti 13-984	28
Bíldur 14-800	28
Tvistur 14-988	29
Náli 15-806	29
Hólkur 15-823 (nýr)	30
Njörður 15-991	30
Heimaklettur 16-826 (nýr)	31
Mínus 16-827 (nýr)	32
Mjöllnir 16-828 (nýr)	32
Durtur 16-994	33
Drjúgur 17-808	33
Amor 17-831 (nýr)	34
Rammi 18-834 (nýr)	34

KOLLÓTTIR

Jökull 13-811	36
Móri 13-982	36
Fannar 14-972	38
Baukur 15-818 (nýr)	38
Kollur 15-983	39
Dúlli 17-813	39
Fálki 17-821 (nýr)	40

FELDFJÁR

Ljúfur 16-817 (nýr)	41
---------------------	----

FORYSTU

Torfi 17-816 (nýr)	41
--------------------	----

Hrútaskrá 2019-2020

Útg. Sauðfjársæðingastöðvarnar

á Suður- og Vesturlandi

Ritstjóri: Guðmundur Jóhannesson

Ljósmynd forsíðu og aðrar myndir

© Halla Eygló Sveinsdóttir

Myndir af hrútum:

Halla Eygló Sveinsdóttir, og Torfi Bergsson

ISSN 1608-084X

Umbrot: Rósa Björk Jónsdóttir.

Prentun: Fjölritunar- og útgáfuþjónustan,

nóvember 2019

MÁL OG STIGUN

Mál og stigun hrútanna er gefin upp þar sem dómur liggur fyrir, í eftirfarandi röð: Ár-þungi-fótleggur, mm-ómvöðvi/ómfita/lögun-haus-háls og herðar-bringa og útlögur-bak-malir-læri-ull-fætur-samræmi=stig alls.

ULLARLÝSINGAR

Emma Eyþórsdóttir, sérfræðingur hjá Landbúnaðarháskóla Íslands, hefur skoðað og gefið umsögn um ull sæðishrútanna og fylgir hún með lýsingu þeirra.

GERÐ

Á sama hátt eru tölugildin sem reiknað er með í fituflokkun eftirfarandi; **1=2, 2=5, 3=8, 3+=9, 4=11, 5=14**. Áhersla á meðaltal fyrir fituflokkun er í raun öfugt við vaxtarlagsmeðaltalið, því lægra sem fitumeðaltalið er því betra. Þarna verður á sama hátt að lesa varlega úr tölum og með hliðsjón af mismiklum vænleika.

FITA

Á sama hátt eru tölugildin sem reiknað er með í fituflokkun eftirfarandi; **1=2, 2=5, 3=8, 3+=9, 4=11, 5=14**. Áhersla á meðaltal fyrir fituflokkun er í raun öfugt við vaxtarlagsmeðaltalið, því lægra sem fitumeðaltalið er því betra. Þarna verður á sama hátt að lesa varlega úr tölum og með hliðsjón af mismiklum vænleika.

KYNBÓTAMAT (BLUP) FYRIR SKROKKGÆÐI (GERÐ OG FITU)

Kynbótamat er reiknað út frá upplýsingum úr kjötmati frá árunum 2010-2019. Meðaltal allra gripa í gagnasafninu er 100, hækkun um 10 stig þýðir 1 staðalfrávik frá meðaltali. Þegar rætt er um kynbótamat fyrir skrokkgæði er átt við kjötmatseinkunn þar sem fitumatið vegur 50% en gerðarmatið 50%. Í sviga er birt öryggi matsins.

KJÖTMATSGÖGN FYRIR 2019

miðast við stöðu gagnagrunns 31. október 2019.

KYNBÓTAMAT (BLUP) FYRIR FRJÓSEMI OG MJÓLKURLAGNI

Kynbótamat fyrir afurðaeiginleikana (frjósemi og mjólkurlagni) er byggt á upplýsingum 10 yngstu árganga ána. Fyrir mjólkurlagni eru það ær fæddar 2008-2017, fyrir frjósemi ær fæddar 2009-2018. Fyrir hvorn eiginleika er reiknað mat fyrir fjögur fyrstu afurðarár ána. Hvert ár hefur jafnt vægi (25%) í samsettri einkunn fyrir mjólkurlagni. Í samsettri einkunn fyrir frjósemi er vægi hvers árs breytilegt, vægi 1 vetra er 10%, vægi 2 vetra er 60%, vægi 3 og 4 vetra er 15% hvort ár. Meðaltal er 100 og hækkun um 10 stig þýðir 1 staðalfrávik frá meðaltali. Fyrir yngstu hrútana eru upplýsingar um dætur enn litlar þannig að upplýsingar um nánustu ættingja veða mjög þungt í kynbótamati þeirra. Í sviga er birt öryggi matsins.

KYNBÓTAMAT (BLUP) - HEILDAREINKUNN

Frá árinu 2012 er reiknuð heildareinkunn þar sem kynbótamat allra eiginleika er vegið saman í eina einkunn. Vægi skrokk-gæða, frjósemi og mjólkurlagni er jafnt í þeirri einkunn. Einstaklingur með 120 í einkunn fyrir skrokk-gæði, 110 fyrir frjósemi og 100 fyrir mjólkurlagni hefur þannig heildareinkunn 110. $((120+110+100)/3 = 110)$.

LITAERFDIR

Litaerfdir hjá íslensku sauðfé eru vel þekktar. Flestir hrútar á stöðvunum eru arfhreindir hvítir og undan slíkum hrútum fæðast aðeins hvít lömb. Ef hrútur er arfblendinn, en hvítur, getur hann einnig gefið aðra liti en hvítan. Mögulegt er að hrútar séu arfblendnir fyrir gráum, golsóttum eða botnóttum lit, eða hlutlausir, sem er lang algengast. Þá skiptir máli hvort hrúturinn erfir mórauðan lit, en mórauð lömb fæðast aldrei undan öðrum hrútum en þeim sem erfa þann lit. Síðasti þátturinn er að segja til um hvort hrúturinn erfir tvílit eða ekki. Rétt er að vekja athygli á því að sterk tengsl eru á milli litarerfða og hrein-hvíta litarins á þann veg að hreinhvítar kindur búa yfirleitt ætíð yfir erfðavísun fyrir tvílit. Þannig má undantekningarlítið fá hreinhvít lömb undan þeim hrútum sem erfa tvílit, þó að þeir séu sjálfir ekki hreinhvítir. Tekið er fram ef vitað er hrúturinn geti gefið hreinhvít lömb leyfi móðurætt slíkt.

ARFGERÐARGREINING V/RIÐUSMITS

1.

VERNDANDI ARFGERÐIR (ARR/ARR; ARR/ARQ; ARR/ARH; ARR/AHQ). Erfðafræðilega mest verndandi. Finnast ekki í íslensku fé.

2.

LÍTID NÆMAR ARFGERÐIR (AHQ/AHQ; AHQ/ARQ). Erfðafræðilega lítið næmar fyrir smiti.

3.

MIDLUNGSNÆM ARFGERÐ (ARQ/ARQ). Hlutlaus arfgerð. Algengasta arfgerðin í íslensku fé.

4.

ÁHETTUARFGERÐIR (ARQ/VRQ; AHQ/VRQ; VRQ/VRQ). Erfðafræðilega mikið næmi fyrir smiti.

Rétt er taka fram að ekki eru teknir aðrir hrútar á stöð en þeir sem eru annað hvort með miðlungsnaema arfgerð eða lítið naema arfgerð.

SKRÁNING SÆÐINGA

Mikilvægt er að skráning sæðinga gerist sem fyrst.

Þeir fjáreigendur sem skrá fjárbókhald í FJARVIS.IS geta skráð allar upplýsingar þar strax og framkvæmd sæðinga er lokið.

Aðrir senda upplýsingar úr dagbók sæðingamanns strax til viðkomandi búnaðarsambands til skráningar.

Þegar skráning sæðinga hefur verið unnin koma allar frekari upplýsingar til úrvinnslu á öllum skýrslum um árangur sæðinga beint úr fjárbókhaldinu í FJARVIS.IS.

Veljum íslenskt, veljum sérblandað fyrir íslensku sauðkindina



Tveir frábærir kostir

Milljónablanda

Milljónablanda er með **37%** próteininnihaldi auk þess að innihalda ríkulegt magn af fiskimjöli.

Óerfðabreytt blanda sem hentar vel með prótínsnaúðu heyi.

Gott að gefa hrútum og ám á fengitíma, inniheldur selen og mikið af bætiefnum.

Sauðfjárblanda

Sauðfjárblanda er með **16%** próteininnihaldi sem byggir að öllu leyti á jurtaafurðum. Hentar afar vel með meðalgóðum heyjum. Óerfðabreytt og inniheldur góða samsetningu á steinefnum og vítamínum.

Til að ná mikilli frjósemi er nauðsynlegt að sauðfé sé í góðu næringarástandi á fengitíma.



Þrjú föngulegir hrútar á fjöllum. Ljósmynd Sunna Júlía Þórðardóttir.

SAUÐFJÁRSÆÐINGASTÖÐ SUÐURLANDS

Afgreiðsla: 2. - 21. desember

Í síma **482 1920** fyrir kl. 9:00
samdægurs eða á netfangið
sveinn@bssl.is.

Áður en sæðistaka hefst er hægt að panta
sæði hjá Sveini Sigurmundssyni í sínum
480 1800, 480 1801 eða **894 7146**.

SAUÐFJÁRSÆÐINGASTÖÐ VESTURLANDS

Afgreiðsla: 2. - 21. desember

Pantanir þurfa að berast fyrir kl. 21:00 daginn fyrir sæðingu. Panta
skal í gegnum pöntunarform sem aðgengilegt er á **www.buvest.is**
Einnig er hægt að panta í síma **437 1215** en pantanir í síma verða
að berast á skrifstofu BV í síðasta lagi fyrir kl. 16:00 síðasta virka dag
fyrir sæðingu.

Allar breytingar á pöntunum þurfa að berast fyrir kl. 9:00 að morgni
sæðingadags á netfangið **bv@bondi.is**, eða í síma **892 0517**.

Pantanir utan starfssvæða Búnaðarsambands Suðurlands og Búnaðarsamtaka Vesturlands
fara í gegnum búnaðarsambönd á viðkomandi svæðum nema um annað sé samið sérstaklega.

SKIPULAG SÆÐINGA:

SUÐURLAND:

V-Skaftafellssýsla, Eyjafjöll og Landeyjar > **9.-12. des.**

Rangárþing-ytra, Ásahr., Fljótshlíð og lágsveitir Árnessýslu. > **13. -16. des.**

Uppsveitir Árnessýslu > **17.- 20. des.**

Austur-Skaftafellssýsla. Stefnt er að ferðum > **2. des. og til og með 9. des.**

VESTURLAND:

Starfsmenn BV munu dreifa sæðispöntunum á tilgreinda áfangastaði á fjarlægari svæðum eins og verið hefur.
Reiknað er með að bændur á starfssvæði BV sæði sjálfir eða í samvinnu við aðra, enda hafi viðkomandi sótt
námskeið í sauðfjársæðingum.

VERÐ Á SÆÐI:

1-19 sæddar ær	1.120 kr./sk.
20-49 sæddar ær	960 kr./sk.
50-99 sæddar ær	830 kr./sk.
100 ær eða fleiri sæddar.....	775 kr./sk.
Til búnaðarsambanda.....	750 kr./sk.

Öll verð eru án vsk.

Lágmarksafgreiðsla er 1 strá eða sæði í 5 ær. Innheimt verður
að lágmarki 70 % af pöntuðu sæði. Uppgjöri skal lokið fyrir
áramót. Pakkning með 50 hlífðarrörum kostar kr 1.000,-

SKRÁNINGAR Á SÆÐINGUM:

Allar sæðingar skulu skráðar í fjarvis.is af viðkomandi bónda eða
sæðingamanni. Mikilvægt er að viðkomandi bóndi/sæðingamaður
sem skráir sæðingarnar (helst samdægurs) sendi tölvupóst til
viðkomandi búnaðarsambands um að öllum skráningum sé lokið
og/eða ef eitthvað er óskráð t.d. lambgimbrar sem ekki hafa fengið
fullorðinsnúmer.

SAUÐFJÁRSÆÐINGANÁMSKEIÐ:

Egilsstöðum 26. 11. 2019 kl 12-17

Hestur Borgarfirði 28. 11. 2019 kl 13-18

Stóra Ármót 29.11.2019 kl 13-18

Nánari upplýsingar um námskeiðin og skráning á
heimasíðu Landbúnaðarháskóla Íslands, www.lbhi.is.

Fóður fyrir sauðfé



Ærblanda SS

Óerfðabreytt kjarnfóður

Framleitt af DLG fyrir íslenska sauðféð

- Orkurík kjarnfóðurblanda með 17,2% hrápróteini
 - Inniheldur fjölbreytt hráefni með góðan lystugleika
 - Inniheldur tormelt prótein fyrir hámarks ullarvöxt
 - Gott jafnvægi í steinefnum og snefilefnum
 - Rík af kalsíum, fosfór og magnesíum
- 15 kg pokar / 750 kg sekkir



Salto fár - Saltsteinn fyrir kindur

- Má notast við lífræna ræktun
 - Inniheldur stein og snefilefni
 - Náttúrulegt bergsalt
 - Án kopars
 - Inniheldur selen
- 10 kg steinn



Vitlick Soft Sheep - Bætiefnafata

- Steinefna- og snefilefnaríkt og hentugt með vetrarfóðrun
 - Inniheldur A-vítamín, D-vítamín og E-vítamín
 - Án kopars
 - Hátt seleninnihald
 - Inniheldur hvítlauk
- 15 kg fata



Sláturfélag Suðurlands svf | www.buvorur.is
Fossháls 1, 110 Reykjavík | 575-6070 | Opnunartími: kl. 10.30-18
Ormsvelli 4, 860 Hvolsvelli | 575-6099 | Opnunartími: kl. 9-17



13-953 DREKI

frá Hriflu, Þingeyjarsveit.

GRÁBOTNI 06-833 frá Vogum 2

10-885

GRÍMUR 01-928 ~ GRÁBOTNA 04-364

BORÐI 08-838 ~ 08-715

frá Staðarbakka

frá Hesti

MMFF: Hylur 01-883, MMMF: Svaði 94-998.



Lýsing: Hvítur, vel og fallega hyrndur með mjög friðan haus. Herðar örlítið háar en bolur sívalur og útlögur góðar. Bakið breitt og holdfyllt. Malir breiðar og mjög holdfylltar. Lærahöld frábær, innanlærsvöðvi áberandi mikill. Fótstaða góð. Bollangur hrútur, glæsilegur í alla staði.

Ullarlýsing: Fölgulur á haus og fótum. Örlítið gult á mölum. Ullarmagn í meðallagi en reyfið jafnt. Þelið allþykkt og jafnt. Togið hrokkið en fremur gróft, styttra í baki.

Reynsla: Dreki 13-953 er mest reyndi hrútur sæðingastöðvanna þennan veturinn. Hann er frábær lambafaðir en sterkustu einkenni afkvæma hans eru mikill vænleiki og áberandi mikil bollengd. Undan Dreka hafa komið fram nokkrir mjög athyglisverðir synir vítt um land og eru nokkrir afkomendur hans þegar komnir til notkunar á sæðingastöð og verða eflaust fleiri á allra næstu árum. Dætur Dreka eru öflugar ær og hafa sýnt frjósemi aðeins yfir meðallagi. Þær eru mjög góðar mjólkurær en BLUP-kynbótamat fyrir þann eiginleika hefur hækkað frá því Dreki kom fyrst á sæðingastöð.

Dreki er hrútur sem allir sauðfjárbændur ættu að prófa að nota í sinni hjörð – sérstaklega ef bæta á alla þá eiginleika sem tekið er tillit til í gildandi ræktunarmarkmiðum fyrir sauðfjástofninn.

Litaerföir: Dreki er arfblendinn fyrir gráum lit í A-sæti en erfir hvorki mórætt né tvílit.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2013-50-111-36/2,9/4,5-8,0-8,5-8,5-9,0-9,0-18,0-8,0-8,0-8,5=85,5 stig

Lambhrútaskoðun	2016	2017	2018	2019
Fjöldi	292	350	136	149
Þungi	48,7	48,4	48,2	47,8
Fótleggur	110	110	109	109
Læri	17,8	17,7	17,8	17,6
Ull	7,9	7,9	7,8	7,8
Ómvöðvi	31,1	30,7	31,3	31,2
Ómfita	3,1	3,0	3,1	3,0
Lögun	4,2	4,2	4,2	4,2

	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						108
Fita						115
Skrokkgæði (100%)						112
Frjósemi (99%)						102
Mjólkurlagni (99%)						114
Heildareinkunn						109

14-801 SPAKUR

frá Oddsstöðum, Lundarreykjadal.

KALDI 12-950

09-022

EDDI 10-150 ~ 09-010

FENGUR 07-148 ~ 04-029

frá Giljahlíð

FMF: Ylur 08-805; MFF: Kveikur 05-965; MMFF: Lækur 97-843;

MMMF: Náli 08-870.



Lýsing: Hvítur hyrndur með gott hornalag og myndarlegan haus. Feikilega útlögumikill með góð bak- og malahöld og mjög vel lagaðan lærvöðva. Vörpulegur glæsigripur og mikill á velli. Rólegur og yfirvegaður hrútur eins og nafnið gefur til kynna.

Ullarlýsing: Ljósulur í hnakka, á dindli og fótum. Töluvert um gul hár í ullinni aftan til. Ullarmagn í meðallagi. Togið meðalgróft, styttra í baki. Þelið þykkt framan til en styttra í baki og aftan til.

Reynsla: Spakur er nú að hefja sinn annan vetur á stöð en á hann var kominn mikil og góð reynsla sem lambafaðir áður en þangað kom. Var hann m.a. einn af aðkomuhrútum í afkvæmarannsókn á vegum stöðvanna að Gilsbakka í Hvítársíðu haustið 2017. Um tvö hundruð synir Spaks komu til dóms nú í haust og stóðu þeir kringum meðaltal fyrir nánast alla eiginleika, við samanburð sona hyrndu stöðvahrútanna. Synir hans sýndu helst frávik í einkunn fyrir ull sem skýrist af fjölda gólsótttra afkvæma hans og að hann gefur ekki hreinhvít. Í afkvæmahópnum voru margir álitlegir ásetningshrútar. Nú þegar liggja fyrir sláturnaupplýsingar fyrir um 470 lömb undan Spak frá þessu hausti og hafa 61% þeirra farið í gerðarflokkana E og U. Kynbótamat Spaks fyrir dætraeiginleika hefur lækkað ofurlítið frá síðustu hrútaskrá en hann stendur samt sem áður sterkur þar. Spakur virðist því vera farsæll alhlíða kynbótahrútur.

Litaerföir: Spakur er arfblendinn fyrir gólsóttum lit en erfir ekki mórætt.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2014-55-109-32/4,2/4,5-8,0-9,0-9,0-9,0-9,0-18,5-7,5-8,0-8,5=86,5 stig.

LAMBHRÚTASKOÐUN 2019

Fjöldi	198
Þungi	47,9
Fótleggur	109
Læri	17,8
Ull	7,7
Ómvöðvi	31,0
Ómfita	2,9
Lögun	4,3

	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						115
Fita						104
Skrokkgæði (99%)						110
Frjósemi (86%)						110
Mjólkurlagni (85%)						105
Heildareinkunn						108

15-807 RAXI

frá Árbæjarháleigu, Holtum.



MFF: Papi 04-964; FMFF: Raftur 05-966



Lýsing: Hvítur fínhyrndur en fremur krapphyrndur með stuttan og sveran haus. Raxi er afar útlögumikill, breiðvaxinn og vel holdfylltur. Læri úrvalsgóð. Fremur lágfættur og langvaxinn hrútur en örliðið kviðaður. Afbragðskind að gerð.

Ullarlýsing: Ljósugulur í hnakka og á fótum. Gul hár fundust ekki í reyfi en svört doppa á baki. Ullarmagn fremur mikið, togið fingert og nokkuð hrokkið, þelið mikið og jafnt.

Reynsla: Raxi 15-807 hefur nú sinn annan vetur á sæðingastöð. Hann var tekinn í hóp stöðvahrúta eftir að hafa verið prófaður í afkvæmarannsókn á vegum sæðingastöðvanna, sem fram fór á Skarði í Landsveit haustið 2018. Í þeirri rannsókn átti Raxi flest hrútsefni og fékk bestar niðurstöður fyrir kjötmat afkvæma. Raxi fékk hins vegar takmarkaða notkun síðasta vetur, spáin fyrir frjósemi og mjólkurlagni dætra hefur trúlega dregið úr áhuga bænda fyrir að prófa hann. Hrútahópurinn sem kom til skoðunar í haust var því ekki stór en þar mátti samt finna úrvals hrútsefni, þéttbyggða holdaköggla.

Kynbótamat Raxa fyrir frjósemi hækkar á milli ára, en veturgamlar dætur hans á Skarði voru við búsméðaltal sl. vor með um 1 lamb að jafnaði. Tvæveturnar í Árbæjarháleigu áttu 2 lömb að jafnaði en búsméðaltalið var 1,80. Ekki liggur fyrir afurðauppgjör dætra Raxa í haust, en væntingar standa til þess að það styrki stöðu hans. Rétt er að benda á að Raxi er góður valkostur fyrir þá sem vilja viðhalda litafjölbreytileikanum þar sem hann gefur bæði golsótt og mórautt.

Litaerfðir: Raxi er arfblendinn fyrir golsóttum lit - erfir mórautt en ekki tvílit.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2015-51-104-35/3,0/4,5-8,0-8,5-9,5-9,5-18,5-8,0-8,0-8,5=88,0 stig.

LAMBHRÚTASKOÐUN 2019

Fjöldi	18
Pungi	46,3
Fótleggur	105
Læri	17,6
Ull	7,8
Ómvöðvi	31,4
Ómfita	3,1
Lögun	4,2

EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						116
Fita						96
Skrokkgæði (98%)						106
Frjósemi (79%)						99
Mjólkurlagni (78%)						96
Heildareinkunn						100

Sprettur ÁBURÐUR

þegar mest á reynir
fyrir tún og akra



Skeljungur

15-822 BÚI

frá Lækjarvöllum, Bárðardal.

NÝR



15-822

GUÐNI 09-902 frá Mýrum 2

BÚLEG 11-128

PÚKI 06-807 ~ 06-736
frá Bergsstöðum, Vatnsnesi

SPAÐI 10-165 ~ FÉLEG 09-843

MMF: Prjónn 07-812, MFFF: Kveikur 05-965

Lýsing: Búi er hvítur, vel hyrndur með gerðarlegan haus. Herðar eru örlítið háar en holdfylling góð, útlögur í meðallagi. Bakið breitt, malir prýðilega holdfylltar og lærahold mjög góð. Lágfættur, langvaxinn og tignarlegur hrútur. Mjög rólegur í umgengi.

Ullarlýsing: Gulur á haus og fótum. Ullarmagn í tæpu meðallagi. Svartar doppur á haus og fótum og gult í reyfi aftan til. Togið stutt, einkum í baki og í meðallagi fínt.

Reynsla: Búi 15-822 var valinn til notkunar á sæðingastöðvunum vorið 2019. Byggist valið á frammistöðu hans sem afbragðs alhliða kynbótahrúts heima á Lækjavöllum. Á síðustu árum hefur hann verið einn besti lambafaðir búsins. Haustið 2017 var hann efstur í samanburði 13 heimahrúta. Þá var meðalfallþungi afkvæma hans 16,8 kg, einkunn fyrir gerð 9,7 og einkunn fyrir fitu 5,4 auk þess sem þessi hópur hafði þykkasta bakvöðvann. Meðaltal í afkvæmarannsókninni var 16,6 kg, einkunn fyrir gerð 9,4 og einkunn fyrir fitu 5,8. Haustið 2018 var Búi einnig með hæstu kjötmatseinkunn hrúta á búinu og skilaði þá jafnframt bestri gerð sláturlamba.

Líkt og kynbótamat hans gefur til kynna er hann mjög álitlegur sem ærfaðir. Dæturnar fara vel af stað en þær eru frjósamar afurðær. Samkvæmt haustuppgjöri 2018 voru 9 dætur hans með 5,2 afurðastig að meðaltali og í vor var frjósemi þeirra vel yfir búsméðaltali í öllum aldursflokkum.

Móðir Búa, Búleg 11-128, hefur borið 8 sinnum, var einlembd veturgömul og tvisvar eftir það en annars tvílembd með 4,9 afurðastig.

Litaerfðir: Búi er arfblendinn hvítur en erfir hvorki mórauðan lit né tvílit.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2015-44-108-29/2,9/4,0/8,0-8,0-8,5-8,5-9,0-18,0-8,0-8,0-8,5=84,5 stig.

EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						113
Fita						104
Skrokkgæði (96%)						109
Frjósemi (76%)						112
Mjólklagni (75%)						111
Heildareinkunn						111

15-990 MÁVUR

frá Mávahlíð, Snæfellsnesi.

BLIKI 12-001

DRÖFN 12-008

GOSI 09-850 ~ YLFA 09-012
frá Ytri-SkógumHRÓI 07-836 ~ GUGGA 10-005
frá Geirmundarstöðum

FMMF: Abel 00-890; MMFF: Próttur 04-991



15-990

Lýsing: Hvítur, hyrndur með fríðan haus. Herðar eru holdfylltar, útlögur miklar, bakið holdgróið og átaksgott. Malir breiðar og holdfylltar, lærahold frábær. Mávur er glæsilegur og bollangur hrútur.

Ullarlýsing: Hreinhvítur með dökka skugga við augu og á nösnum. Ullarmikill, togið langt en fínt og gljáandi. Pelið jafnt og þykkt.

Reynsla: Mávur 15-990 kom á stöð haustið 2017 að lokinni afkvæmarannsókn úrvalshrúta á Snæfellsnesi og er því að hefja sinn þriðja vetur á sæðingastöð. Hann hefur fengið mikla notkun og er frábær lambafaðir en synir hans fengu flest heildarstig í hópi afkvæma hyndra sæðingahrúta, annað haustið í röð. Einkenni afkvæma hans er góður vænleiki samhliða lítilli fitu en synir hans hafa minnsta bakfitu allra sona sæðingahrúta. Þessu fylgir góður frampartur og afbragðs holdfylling á mölum og lærum. Flokkun afkvæma í sláturhúsi staðfestir svo þessar niðurstöður. Mörg afkvæma Mávs eru hreinhvít með mikla og fallega ull. Eitthvað bar á lömbum með yfirbit sem skýrir að einhverju leyti 7,9 stig að meðaltali fyrir haus. Aukin reynsla er að fást á Máv sem ærföður en BLUP-kynbótamat fyrir frjósemi hækkaði talsvert eftir vorið 2019 þegar stór hópur dætra tilkominna við sæðingar átti lömb í fyrsta skipti. Dætur hans hafa sýnst mjólkurær um meðallag en haustuppgjör 2019 mun varpa betra ljósi á hvar hann stendur fyrir þann eiginleika.

Litaerfðir: Mávur er arfhreinn hvítur – gefur hreinhvít. Fyrri lýsingar á litaerfðum um að hann gefi dökkt eru líklega vegna misskráninga eða mistaka sem tengjast sæðingum.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2015-56-109-34/2,4/4,5-8,0-9,0-9,0-9,0-9,0-18,5-9,0-8,0-9,0=88,5 stig

Lambhrútaskoðun	2018	2019
Fjöldi	236	249
Þungi	49,9	49,4
Fótleggur	109	108
Læri	17,9	17,9
Ull	8,1	8,2
Ómvöðvi	30,8	31,4
Ómfita	2,5	2,4
Lögun	4,2	4,3

EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						115
Fita						116
Skrokkgæði (100%)						116
Frjósemi (98%)						106
Mjólklagni (96%)						102
Heildareinkunn						108

16-824

BREKI

frá Skálholtsvík, Hnútafirði.

NÝR



16-824

Lýsing: Grár, vel hyrndur með svipmikinn haus. Herðar örlítið háar en vel holdfylltar. Bolurinn er sívalur og bakið sterkt. Mala- og lærahold eru góð og eru hans helsti styrkleiki.

Ullarlýsing: Steingrár en grái liturinn misdökkur á búkinn. Ullarmagn er í góðu meðallagi. Togið nokkuð mikið og gróft. Þelið nokkuð jafnt.

Reynsla: Breki 16-824 var valinn á sæðingastöð vorið 2019 sem spennandi alhliða kynbótahrútur. Breki hefur sýnt feikigóða frammistöðu sem lambafaðir heima í Skálholtsvík, en þar eru fjölmargir hrútar í samanburði enda Skálholtsvík eitt af stærstu fjárbúum landsins. Haustið 2017 var meðalfallþungi afkvæma hans 17,1 kg, einkunn fyrir gerð 10,1 og einkunn fyrir fitu 6,4. Þá var meðalfallþungi á búinu 16,2 kg, einkunn fyrir gerð 9,0 og fitu 6,7. Hann skipaði sér síðan áfram í fremstu röð á búinu haustið 2018 og aftur núna í haust. Breki er því úrvalsgóður lambafaðir.

Breki fer stórvel af stað sem ærfaðir en dætraeiginleikarnir eru ekki síst það sem gerir hann að góðum valkosti. Samkvæmt haustuppgjöri ársins 2018 átti hann 11 dætur með 5,8 afurðastig. Frjósemi dætranna er einnig vel yfir búsméðaltali, en 7 veturgamlar ær áttu 1,4 lömb í vor og 10 tvævetlur áttu að jafnaði 2 lömb en búsméðaltalið var 1,4 hjá veturgömlu ánum og 1,8 hjá tvævetlunum.

Móðir Breka, I 1-260, hefur verið ákaflega farsæl ær. Hún er átta vetra gömul og hefur ætíð verið tvílembd og hefur 7,1 afurðastig.

Lítaerfðir: Breki er arfblendinn grár, gefur mórautt, tvílitt og hreinhvít.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ)..

Mál og stigun: 2016-57-108-32/4,1/3,5-8,0-8,5-9,0-8,5-9,0-18,0-8,0-8,0-8,0=85,0 stig


EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						115
Fita						116
Skrokkgæði (96%)						116
Frjósemi (74%)						100
Mjólklagni (72%)						112
Heildareinkunn						109

16-825

GLÁMUR

frá Svartárkoti, Bárðardal.

NÝR



16-825

Lýsing: Gráflekkóttur, vel hyrndur með friðan haus. Herðar eru breiðar og útlögur góðar. Malir eru prýðilega holdfylltar og lærafylling góð. Virkjamikill og fallegur hrútur.

Ullarlýsing: Glámur 16-825 var í hópi þeirra hrúta sem teknir voru inn á stöðvarnar sumarið 2019. Hann er valinn sem álitlegur úrvals alhliða kynbótagrípur. Hann er jafnframt góður valkostur til að viðhalda litafjölbreytileika. Faðir Gláms, Dalur 15-557 stóð efstur hrúta í Svartárkoti haustið 2016 að loknu haustuppgjöri fyrir kjötmat sláturlamba en entist ekki aldur til meiri frama. Glámur tók við af föður sínum og hefur verið einn öflugasti lambafaðir búsinns síðan. Haustið 2018 var meðalfallþungi afkvæma Gláms 16,4 kg, einkunn fyrir gerð 10,6 og einkunn fyrir fitu 5,5. Þá var meðalfallþungi búsinns 15,7 kg, einkunn fyrir gerð 9,6 og einkunn fyrir fitu 5,9. Hann hefur gefið talsvert af góðum hrútsefnum og á syni sem standa sig vel sem lambafaðir heima í Svartárkoti.

Samkvæmt uppgjöri haustið 2018 skiluðu 12 dætur Gláms afurðum í rúmu meðallagi en meðalafurðastig þeirra var 5,1. Mjög vel litur út með frjósemi þeirra. Tveggja vetra dætur Gláms áttu 2 lömb að jafnaði í vor en búsméðaltali var 1,9. Veturgömlu dæturnar voru einnig yfir búsméðaltali.

Móðir Gláms, Gletta 12-049, var geld sem gemlingur en tvílembd eftir það. Hún lét vorið 2017 og var fargað þá um haustið. Hún hafði 7,2 afurðastig.

Lítaerfðir: Glámur er arfblendinn grár í A-sæti, hefur erfðavisi fyrir mórauðu og einnig tvílitt og þar með hreinhvítu.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2016-40-111-30/2,1/4,0-8,0-8,5-8,0-8,5-9,0-18,0-7,5-8,0-8,0=83,5 stig.

EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						126
Fita						116
Skrokkgæði (95%)						121
Frjósemi (72%)						114
Mjólklagni (71%)						104
Heildareinkunn						113

16-829 STAPI

NÝR

frá Kirkjubæjarklaustri II, Skaftárhrepp (Keyptur frá Borgarfelli, Skaftártungu).

BURKNI 13-951 frá Mýrum 2

ÞÝÐA 13-348

BIRKIR 10-893 ~ 08-598

KIDDI 10-518 ~ ÞÚFA 10-144

frá Bjarnastöðum

MFF: PRJÓNÑ 07-812; MMF: KÓNGUR 04-829



Lýsing: Hvítur, finhyrndur með gerðarlegan haus. Herðar eru ávalar og útlögur í meðallagi. Bakið er breitt, malir breiðar, langar og holdfylltar. Lærahald frábær. Jafnvaxinn, vel gerður hrútur, fagaður að allri gerð.

Ullarlýsing: Fölgulur í hnakka og á fótum. Dröfnur í andliti. Örlítið um gul hár í reyfi, en ekki áberandi. Ullarmagn í góðu meðallagi. Þelið jafnt og þykkt. Togið meðalfint og nokkuð jafnt.

Reynsla: Stapi 16-829 var valinn á sæðingastöð haustið 2019 að lokinni afkvæmarannsókn á vegum stöðvanna, sem fór fram á Kirkjubæjarklaustri II. Stapi var seldur sem lamb að Borgarfelli og vakti fyrst athygli veturgamall fyrir fáheyrða yfirburði í kjötmati þar. Þá var fallþungi afkvæma hans 19,2 kg, einkunn fyrir gerð 11,9 og einkunn fyrir fitu 5,7. Búsmeðaltal á Borgarfelli það haust var 17,9 kg fallþungi, einkunn fyrir gerð 10,1 og fyrir fitu 6,1. Hann skilaði aftur góðum niðurstöðum haustið 2018 og var þá fenginn í fyrrnefnda afkvæmarannsókn sem gerð var á fæðingarbúi hans. Stapi var með algera yfirburði í rannsókninni, skoðun lifandi lamba sýndi góða gerð afkvæma hans og þykkun bakvöðva. Hann stóð enn betur í samanburðinum fyrir hrúta en gimbrar en auðvelt reyndist að finna bæði ásetningshrúta og -gimbrar í lambahópnum undan honum. Stapi gefur ágætlega hvít lömb og hrútar undan honum eru frekar finhyrdir. Í kjötmatuþpplögri afkvæmarannsóknarinnar í haust er Stapi rétt við meðaltal í fallþunga, 16,2 kg, einkunn fyrir gerð 9,7 og fyrir fitu 5,5. Meðaltal rannsóknarinnar var fallþungi 16,3 kg, einkunn fyrir gerð 9,3 og fitu 5,7. Vaxandi reynsla er að fást á Stapa sem ærföður og hafa dætur hans sýnt góða frjósemi en BLUP-kynbótamat fyrir þann eiginleika er yfir meðallagi. Þær eru einnig góðar mjólkurær og höfðu 5 dætur sem skiluðu lömbum haustið 2018, 5,8 afurðastig að jafnaði. Kynbótamat Stapa fyrir mjólkurlagni er líka hátt (113 stig) og af hyrnu hrútunum á stöðvunum hafa aðeins öldnu höfðingjarnir Dreki 13-953 og Gutti 13-984 hærra kynbótamat fyrir þann eiginleika.

Móðir Stapa, Þýða 13-348, var geld gemlingur; annars alltaf tvílembd utan einu sinni þrílembd. Hún hefur skilað venum lömbum og vel gerðum og er með 8,0 í afurðaeinkunn.

Litaerfðir: Stapi er arfhreinn hvítur.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stígun: 2016-46-104-33/2,7/4,0-8,0-8,5-9,0-9,0-9,5-18,5-7,5-8,0-8,5=86,5 stígun.

EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						119
Fita						113
Skrokkgæði (97%)						116
Frjósemi (79%)						103
Mjólkurlagni (76%)						113
Heildareinkunn						111

16-830 SVAVAR

NÝR

frá Bakkakoti, Stafholtstungum (Keyptur frá Vatni, Haukadal).

LOKI 14-109 frá Hesti

SVALA 11-641

ÞÓR 13-694 ~ 13-666

SVALI 09-080 ~ 04-675

frá Hesti

FMF: Bekri 12-911; MFFF: Prjónn 07-812



Lýsing: Hvítur, krapphyrndur með sveran og þróttlegan haus. Herðar eru ákaflega breiðar og holdfylltar. Bringan er breið og útlögur miklar. Bakið breitt og holdgróið. Malir breiðar og kúptar. Lærahaldin frábær. Svavar er fagaður að allri gerð, þéttvaxinn og glæsilegur hrútur.

Ullarlýsing: Fölgulur á haus og fótum. Gul hár eru hér og þar í ull. Svört doppa fannst á herðum. Ullarmagn í meðallagi. Togið jafnt og í meðallagi gróft.

Reynsla: Svavar 16-830 var valinn inn á stöðvarnar sl. vor sem efnilegur alhiðahrútur. Hann reyndist prýðilegur lambafaðir í Bakkakoti árin 2017 og 2018 en var seldur haustið 2018 að Vatni í Haukadal þar sem hann skilaði góðum afkvæmahóp nú í haust. Haustið 2017 var meðalþungi sláurlamba undan Svavari 16,9 kg, gerðin 10,2 og einkunn fyrir fitu 6,9. Meðalfallþungi í Bakkakoti var þá 16,8 kg, gerð 9,4 og fita 6,5. Þó Svavar sé fæddur í Bakkakoti er hann að stórum hluta ættaður frá Hesti. Faðir hans Loki 14-109 var fenginn frá Hesti veturgamall og reyndist mjög öflugur lambafaðir í Bakkakoti.

Jákvæð reynsla er að fást á Svavar sem ærföður en níu tveggja vetra dætur hans áttu 1,9 lömb að jafnaði í vor en búsmeðaltal tveggja vetra kinda var 1,8 lömb. Haustið 2018 voru dætur hans með 6,1 afurðastig að jafnaði.

Móðir Svavars, Svala 11-641, var öflug afurðær; einlembd gemlingur en síðan alltaf tvílembd með 8,8 í afurðeinkunn. Hún var felld haustið 2018, sjö vetra.

Litaerfðir: Svavar er arfhreinn hvítur.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Lítið næm arfgerð (AHQ//ARQ).

Mál og stígun: 2016-55-109-37/4,0/4,5-8,0-9,0-9,0-10,0-8,5-18,0-7,5-8,0-9,0=87,0 stígun

EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						110
Fita						101
Skrokkgæði (97%)						106
Frjósemi (77%)						105
Mjólkurlagni (75%)						110
Heildareinkunn						107

Fjárbætir

Óerfðabreyttur fjárbætir

Kemur í 20 kg pokum

Flott brettatilboð!



Efnainnihald:

Prótín	16%
Aska	9,36%
Fita	3,96%
Tréni	9,5%
VEM	932

Sauðburðargrindur

Nettar og þægilegar grindur fyrir sauðburðinn. Hæð 0,90m.

Lengdir:

1,22m, kr. 6.863 + vsk

1,83m, kr. 7.418 + vsk

2,44m, kr. 8.022 + vsk

Forpantanir hefjast í janúar 2020

20% afsláttur af sauðburðargrindum í janúar

Afhendast í apríl 2020

20%
afsláttur af
sauðburðargrindum
í janúar



Steinefnafötur
Steinefna- og vítamínblokkir
Saltsteinar




Gunnbjarnarholti, 801 Selfoss
Sími 480 5600
Opíð alla virka daga kl. 8 - 17

Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum
Sími 480 5610
Opíð alla virka daga kl. 9 - 17

landstolpi.is
landstolpi@landstolpi.is
Við erum líka á Fésbók!

17-809 GLÆPON

frá Hesti, Borgarfirði.



MMF: VETUR 12-14; MMFF: GRÁBOTNI 06-833; MMMF: FREYÐIR 07-810



17-809

Lýsing: Hvítur gleiðhyrndur með fingerð horn og fríðan haus. Að upplagi er Glæpon lágfætt, fríð og fingerð holdakind með mikla vöðvasöfnunareiginleika.

Ullarlýsing: Gulur í hnacka og dökkgulur á fótum. Gul hár nokkuð áberandi um allan bolinn. Ullarmagn í meðallagi, togði stutt og fremur gróft en þelið þykkt og jafnt. Ullarstuttur í baki.

Reynsla: Glæpon 17-809 er að hefja sinn annan vetur á sæðingstöð. Hann fékk takmarkaða notkun síðasta vetur og eflaust réði þar miklu að hann var þroskalitill veturgamall og myndin í hrútaskránni ekki góð. Hann var valinn á stöð á grundvelli niðurstaðna afkvæmarannsóknar á Hesti líkt og lesa má um í hrútaskrá síðasta árs. Í niðurstöðum lambaskoðana nú í haust var meðalþykkt bakvöðva hjá sonum Glæpons 32,2 mm og aðeins synir Kögguls 17-810 gerðu betur hvað þann þátt varðar. Synir Glæpons stíguðust vel og var talsvert af stórglæsilegum hrútsefnum í hópnum. Gimbrarlömb undan Glæpon tóku hálfbræðrum sínum jafnvel fram í þroska og glæsileika.

Í fyrirbyggjandi sláturupplýsingum frá þessu hausti má finna 180 lömb undan Glæpon. Hann á þar þyngsta sláturlambahópinn af hyrndu stöðvahrútnum og jafnframt þann feita. Það er því alveg ljóst að Glæpon skilar góðum þroska til afkvæma sinna en þau eru ekki eins laus við fitu og afkvæmi margra Hestshrúttanna hafa verið þekkt fyrir. Aukin reynsla er að fást á dætur Glæpons. Tíu veturgamlar dætur áttu 1,6 lömb að jafnaði í vor en búsméðaltali var 1,5 lömb fyrir veturgamlar ær. BLUP-kynmótamat fyrir mjólkurlagni gefur síðan góð fyrirheit fyrir þann eiginleika dætra hans.

Litaerfðir: Glæpon er arfblendinn hvítur en erfir hvorki mórauðan lit né tvílit.

Arfg.gr. v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stígun: 2017-42-103-38/2,3/4,5-8,0-9,0-9,0-9,5-9,0-18,5-7,5-8,0-8,5=87,0 stig


LAMBHRÚTASKOÐUN 2019

Fjöldi	79
Þungi	47,8
Fótleggur	108
Læri	17,7
Ull	7,7
Ómvöðvi	32,2
Ómfita	3,4
Lögun	4,3

EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						115
Fita						98
Skrokkgæði (98%)						107
Frjósemi (79%)						101
Mjólkurlagni (75%)						110
Heildareinkunn						106

17-810 KÖGGULL

frá Hesti, Borgarfirði.



MMF: Bifur 06-994; FFFF: Kveikur 05-965; FMFF: Þorsti 11-910



17-810

Lýsing: Hvítur hyrndur með aðeins vanin horn og fríðan og þröttlegan haus. Herðar eru breiðar, útlögur miklar og bolurinn sívalur. Bakið sterkt og holdgróið. Köggull hefur öflug mala- og lærahold og er jafnvaxinn og samsvarar sér vel. Afbragðshrútur að gerð og föngu- legur á velli.

Ullarlýsing: Ljósugulur á fótum með gulan dindil og gul hár áberandi í reyfinu, einkum aftan til. Ullarmikill, togði í meðallagi gróft og styttra í baki. Þelið mjög mikið og þykkt.

Reynsla: Köggull fékk dágóða notkun á sínu fyrsta ári á stöð. Í lambadómunum nú í haust mældust synir hans með þykkastan bakvöðva af sonum stöðvahrúttanna eða 32,6 mm. Þessi góðu bakhold voru helstu yfirburðir sona hans í samanburði við afkvæmi annarra stöðvahrúta og ljóst að Köggull er mjög öflugur kynbótahrútur hvað bakholdin varðar. Synir hans voru jafnir að allri gerð og talsvert kom fram af þrýðilegum hrútsefnum.

Lítill reynsla er enn komin á Köggul sem ærföður en BLUP-kynbótamat fyrir eiginleika dætra gefur góð fyrirheit og hefur hækkað fyrir báða eiginleikana frá síðustu hrútaskrá. Tíu veturgamlar dætur Kögguls áttu 1,6 lömb að jafnaði í vor en búsméðaltal var 1,5 lömb fyrir veturgamlar ær.

Litaerfðir: Köggull er arfhreinn hvítur.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Lítið næm arfgerð (AHQ//ARQ).

Mál og stígun: 2017-43-110-36/3,8/5,0-8,0-8,0-8,5-9,0-10,0-9,0-18,0-8,0-8,0-8,5=87,0 stig.

LAMBHRÚTASKOÐUN 2019

Fjöldi	176
Þungi	46,1
Fótleggur	109
Læri	17,7
Ull	7,8
Ómvöðvi	32,6
Ómfita	3,1
Lögun	4,3

EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						110
Fita						108
Skrokkgæði (99%)						109
Frjósemi (74%)						105
Mjólkurlagni (70%)						109
Heildareinkunn						108



Íslenska ullin er einstök

Íslenskt sauðfé hefur gefið Íslendingum skjólmikla ull sem náttúran hefur þróað eftir veðri og vindum í meira en 1000 ár.



17-832

NÝR

BRUNI

frá Sveinungsvík, Pistilfirði.

BÖRKUR 13-952 frá Efri-Fitjum

11-084

BIRKIR 10-893 ~ 10-885
frá Bjarnastöðum

RABBI 10-203 ~ 07-001

Práður 06-996; MMF: Lóði 00-871; MFFF: Bogi 04-814



17-832

Lýsing: Hvítur, krapphyrndur með stuttan haus. Herðar eru ávalar og bolurinn sívalur. Góð holdfylling er í baki og mölum ásamt góðum læraholdum. Snyrtilegur hrútur.

Ullarlýsing: Fölgulur í hnacka og á fótum með örlítið gult í ull, en ekki áberandi. Þelið þykkt og jafnt. Togið fingert og jafnt og ullin fallæg.

Reynsla: Bruni 17-832 var einn af þremur hrútum sem teknir voru til notkunar á sæðingastöðvunum að aflokinni afkvæmarannsókn á Snartarstöðum í Núpasveit haustið 2019. Hann er einn af mörgum athyglisverðum sonum Barkar 13-952 frá Efri-Fitjum. Móðurætt Bruna er hins vegar örlítið óvenjuleg fyrir norður-þingeyskan hrút, því hún er krydduð með kollóttu fé, en hinn mikli kynbótajöfur Bogi 04-814 frá Heydalsá er í fjórða ættlið. Bruni var mikið notaður á sínu fyrsta ári heima í Sveinungsvík og sýndi þar að hann skilar góðri gerð og vænleika yfir meðallagi. Í rannsókninni kom jafnframt fram að hann gefur góðan þroska og skilar góðri lærafyllingu en stóðst hins vegar ekki samanburð við bestu hrútana þegar kom að þykkt bakvöðva. Fallþungi afkvæma hans í rannsókninni var 19,9 kg, einkunn fyrir gerð 11,3 og einkunn fyrir fitu 8,1. Meðaltal fallþunga í rannsókninni var 19,7 kg, einkunn fyrir gerð 11,3 og einkunn fyrir fitu 8,2. Bruni var því annar hæstur samkvæmt kjötmatseinkunn á eftir Amori 17-831 hálfbróður sínum sem einnig kom á sæðingastöð eftir umrædda afkvæmarannsókn.

Lítill reynsla er enn fengin á dætur Bruna en BLUP-kynbótamat fyrir dætraeiginleika er yfir meðallagi fyrir bæði frjósemi og mjólkurlagni. Undan Bruna voru til 8 veturgamlar ær í Sveinungsvík sem báru að meðaltali einu lambi í vor en búsméðaltal veturgömlu ána var 0,74 lömb.

Móðir Bruna, 11-084, átti eitt lamb veturgömul og aftur tveggja vetra, síðan hefur hún fjórum sinnum verið tvílembd og einu sinni þrílembd. Hún er með 5,6 afurðastig.

Litaerföir: Bruni er arfhreinn hvítur.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2017-49-110-34/1,9/5,0-8,0-8,5-8,5-9,5-9,5-18,5-8,0-8,0-8,5=87,0 stig.

EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						115
Fita						106
Skrokkgæði (96%)						111
Frjósemi (69%)						108
Mjólkurlagni (67%)						104
Heildareinkunn						108

18-833

NÝR

KOFI

frá Hesti, Borgarfirði.

LEYNIR 16-522 frá Syðri-Haukatungu 2

15-065

KÚÐI 14-549 ~ SAUMSPRETTA 14-792 FLAGARI 14-719 ~ 11-270 04-075

FFF: SALAMON 10-906; FMF: SAUMUR 12-915; MFF: BÓSI 08-901



18-833

Lýsing: Hvítur, krapphyrndur. Herðar eru ávalar og útlögur í meðallagi. Holdfylling í baki, mölum og lærum góð. Kofi er frísklegur hrútur en fóðraðist illa síðasta vetur og útlit hans er í samræmi við það.

Ullarlýsing: Gulur á haus og fótum. Gul hár útbreidd í reyfi. Ullarmagn í tæpu meðallagi. Ullarstuttur og togglitill. Togið fremur gróft.

Reynsla: Kofi 18-833 var annar tveggja hrúta sem fengnir voru á stöð eftir að niðurstöður afkvæmarannsóknar að Hesti lágu fyrir. Vænleiki sona hans var vel yfir meðaltali, þeir voru ákaflega vel gerðir en með litla fitu eins og niðurstöður kjötmatens endurspeglar. Meðalfallþungi tvílembingshrúta undan Kofa var 17,6 kg, einkunn fyrir gerð 10,9 og fyrir fitu 4,7. Meðalfallþungi tvílembingshrúta í rannsókninni var 17,7 kg, einkunn fyrir gerð 10,2 og fyrir fitu 5,2. Hlutfall gerðar og fitu var 2,3 hjá afkvæmum Kofa og það hæsta í rannsókninni. Það er ljóst að Kofi sameinar óvenju vel þá kosti að skila góðri gerð samhliða lítilli fitu.

Þar sem Kofi er aðeins veturgamall er engin reynsla fengin á dætur hans. BLUP-kynbótamat hans fyrir dætraeiginleika sem byggir á ætterni gefur væntingar um frjósemi í góðu meðallagi og að dæturnar verði góðar mjólkurær.

Móðir Kofa, 15-065 var tvílembd gemlingur og tvævetla en hefur síðan verið þrílembd tvisvar. Hún er með 7,3 afurðastig fyrir 3 ár.

Litaerföir: Kofi er arfblendinn hvítur en erfir líklega hvorki mórætt né tvílit.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2018-48-110-32/1,6/4,5-8,0-8,5-8,5-9,0-8,5-17,5-7,5-8,0-8,5=84,0 stig.

EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						118
Fita						112
Skrokkgæði (88%)						115
Frjósemi (63%)						102
Mjólkurlagni (62%)						107
Heildareinkunn						108

18-835 VÖLLUR

frá Snartarstöðum, Núpasveit.

NÝR

AMOR 17-831

16-056

BÖRKUR 13-952 ~ 13-041

ÍS 11-524 ~ 11-042

frá Efri-Fitjum

MFF: Frosti 07-843; MMFF: Kveikur 05-965; MMMF: Lundi 03-945



Lýsing: Hvítur, vel hyrndur með fríðan haus. Herðar eru breiðar, bolur sívalur og útlögur miklar. Bakhöld góð, malir langar og holdfylltar. Lærvöðvi vel lagaður og lokar klofi vel.

Ullarlýsing: Örlítið gult í hnacka. Gul hár fundust ekki í reyfi. Ullarmagn í góðu meðallagi. Togið fremur fínt og jafnt. Þelið þykkt og jafnt.

Reynsla: Völlur 18-835 kom til liðs við sæðingastöðvarnar haustið 2019 að aflokinni afkvæmarannsókn á vegum stöðvanna, sem haldin var á Snartarstöðum. Völlur er sonur Amors 17-831 sem jafnframt þreytti þessa prófraun og er nú í hópi stöðvahrúta. Í rannsókninni sýndi Völlur að hann er mjög álitlegur lambafaðir. Í lífgimbrahlutanum stóð hann annar á eftir Amori föður sínum. Lambhrútaþapurinn var aðeins breytilegri en úrvals hrútsefni voru í hópnum. Þegar kom að kjötmatinu var Völlur með hæstu einkunn fyrir gerð ásamt Amori en afkvæmi Vallar voru feitari. Meðalfallþungi afkvæma Vallar var 19,6 kg, einkunn fyrir gerð 11,6 og einkunn fyrir fitu 8,4. Meðalfallþungi í rannsókninni var 19,7 kg, einkunn fyrir gerð 11,3 og fyrir fitu 8,2.

Þar sem Völlur er aðeins veturgamall er engin reynsla enn komin á dætur hans en BLUP-kynbótamat gefur væntingar um að dæturnar verði mjólkurlagnar og yfir meðallagi frjósamar. Stór gimbrahópur var settur á undan honum í haust og því frekari fregna af þeim að vænta eftir eitt ár.

Móðir Vallar, 16-056, á þrjú afurðaaár að baki. Hún var tvílembd veturgömul og skilaði þá tveim vænum lömbum að hausti, hún var einlembd tvævetur og síðan tvílembd. Hún er með 8,5 afurðastig.

Litaerfðir: Völlur er arfhreinn hvítur

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2018-52-109-35/2,7/5,0-8,0-9,0-9,5-9,0-8,5-18,0-8,0-8,0-8,5=86,5 stig.

EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						127
Fita						103
Skrokkgaði (92%)						115
Frjósemi (58%)						104
Mjólkurlagni (55%)						110
Heildareinkunn						110



EINNIG FÁANLEGT:



Hefðbundin sauðfjárvog með einfaldri tölvu.

Sauðfjárvog með 3ja átta flokkun. Val um 2 tölvur.

VOGIR SEM FÁ ALLS STAÐAR GÓÐA DÓMA

Nánari upplýsingar veita sölumenn okkar eða á www.thor.is



ÞÓR H

REYKJAVÍK:
Krókháls 16
Sími 568-1500

AKUREYRI:
Baldursnes 8
Sími 568-1555

Vefsíða og
netverslun:
www.thor.is

11-979 BLÆR

frá Kambi, Reykhólasveit. (Keyptur frá Gróustöðum, Gilsfirði.)

BANGSI 09-286 frá Heydalsá I

EÐLA 09-689

DREITILL 08-113 ~ 05-199

BREKI 08-284 ~ ÚA 08-581

FFF: BOGI 04-814; MMFF: ORMUR 02-933



11-979

Lýsing: Hvítur, kollóttur með þróttlegan haus. Vel gerður hrútur í alla staði og áberandi bollangur. Hraustleikakind sem ber aldurinn vel. Fætur sterkir og góðir m. v. aldur.

Ullarlýsing: Hreinhvítur; ullarmagn í góðu meðallagi m. v. aldur. Reyfi jafnt. Tog fingert og hrokkið en styttra í baki.

Reynsla: Blær 11-979 er að hefja sinn þriðja vetur á sæðingastöð. Hann var fyrst og fremst valinn á stöð sem öflugur ærfaðir en hann á nú stóran hóp dætra eftir notkun á stöð í tvo vetur. Dætur hans hafa sýnt góða frjósemi og hækkaði kynbótamat hans í síðasta útreikningi fyrir þann eiginleika þegar upplýsingar bárust um fyrsta stóra dætrahópinn tilkominn við sæðingar. Hann hefur hæsta kynbótamat fyrir mjólkurlagni af öllum lifandi sæðishrútum, stendur í 122, lækkaði um eitt stig frá síðasta ári.

Vænleiki afkvæma hans er ágætur sem og bollengd en afkvæmi hans standa bestu afkvæmahópum kollóttu hrútanna hvorki snúning í þykkt bakvöðva né meðaltali stiga fyrir bak, malir og læri enda Blær ekki fenginn á stöð til að bæta þá eiginleika sérstaklega.

Ending Blæs er einstök en hann leit mjög vel út núna í lok október og hefur verið heilsuhraustur.

Litaerfðir: Blær er arfhreinn hvítur og gefur hreinhvitt.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stígun: 2011-50-112-32/4,0/4,5-8,0-8,5-8,5-9,0-8,5-17,5-9,0-8,0-8,5=85,5 stig

Lambhrútaskoðun	2018	2019
Fjöldi	100	24
Pungi	49,7	52,0
Fótleggur	110	111
Læri	17,5	17,6
Ull	8,5	8,5
Ómvöðvi	29,5	29,2
Ómfita	3,2	3,1
Lögun	3,9	4,3

EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						96
Fita						112
Skrokkgæði (99%)						104
Frjósemi (97%)						111
Mjólkurlagni (96%)						122
Heildareinkunn						112

13-971 EBITI

frá Melum I, Árneshreppi.

(Keyptur frá sauðfjárræktarfélaginu Neista, Hörgárdal).

BITI 12-768

RISPA 10-358

KASSI 10-649 ~ MIST 06-821

BORGAR 09-604 ~ STRÖND 04-725

FFF: STERI 07-855; FMMF: OG MMFF: LJÓMI 02-971



13-971

Lýsing: Hvítur, kollóttur með grófan og langan haus. Holdfylling góð á hálsi og herðum og útlögur í góðu meðallagi. Bak sterkt, breitt og vöðvaft. Malir langar og holdfylltar. Lærhold góð. Fætur sterkir og fótstaða góð. Áberandi bollangur og vörpulegur hrútur.

Ullarlýsing: Gulur á fótum og gul hár fundust á mölum. Ullarmagn í meðallagi. Tog hrokkið í baki en slétt í síðum, fremur gróft. Þel jafnt og meðalþykkt

Reynsla: Ebiti 13-971 er að hefja sinn fjórða vetur á sæðingastöð og hefur fengið góða notkun öll árin. Afkvæmi hans eru þroskamikil, vel gerð, mörg gríðarlega langvaxin og nokkur með mjög þykkan bakvöðva. Ebiti er því mjög öflugur lambafaðir. Val Ebita á sæðingastöð tók líka mið af því hversu góð fyrirheit hann gaf sem ærfaðir. Þær væntingar dvínuðu á fyrsta ári en hafa farið vaxandi síðustu tvö ár. Þannig hækkaði BLUP-kynbótamat fyrir frjósemi um 5 stig vorið 2018, breyttist ekkert vorið 2019 og stendur nú í 100 stigum en dætur hans eru um meðaltal í þeim eiginleika. BLUP-kynbótamat fyrir mjólkurlagni hefur staðið í stað milli ára en dætur hans eru góðar mjólkurær.

Ebiti er því sterkur allhliða kynbótarhrútur sem allir sauðfjárbændur ættu að prófa að nota í sinni hjörð, sérstaklega ef menn vilja bæta alla þá eiginleika sem verið er að rækta eftir gildandi ræktunarmarkmiðum fyrir sauðfjárstofninn.

Litaerfðir: Ebiti er arfblendinn fyrir gráum lit í A-sæti og tvílit en ekki móræuðum lit – gefur hreinhvitt.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stígun: 2013-52-107-36/5,1/4,5-8,0-9,0-8,5-9,5-9,0-18,5-8,0-8,0-8,5=87,0 stig

Lambhrútaskoðun	2017	2018	2019
Fjöldi	220	63	89
Pungi	50,3	48,8	50,7
Fótleggur	111	110	110
Læri	17,8	17,8	18,0
Ull	8,1	8,0	8,2
Ómvöðvi	29,9	30,5	30,4
Ómfita	3,5	3,5	3,4
Lögun	4,0	4,0	4,2

EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						112
Fita						107
Skrokkgæði (100%)						110
Frjósemi (98%)						100
Mjólkurlagni (98%)						108
Heildareinkunn						106



Sauðfjárþændur

Kjötafurðastöð KS á Sauðárkróki
og **Sláturhús KVH ehf.** á Hvammstanga
reka öflugar afurðastöðvar sem þjóna sauðfjárþændum
með slátrun og afurðasölu.

Við þökkum þændum um land allt
viðskiptin síðastliðin haust!



Eyrafarvegur 20 550 Sauðárkróki www.ks.is



Sláturhús KVH ehf.

Norðurbraut 24 530 Hvammstangi www.skvh.is

14-812 REYKUR

frá Árbæ, Reykhólasveit. (Keyptur frá Teigi I, Fljótshlíð.)



Lýsing: Hvítur kollóttur, svartdröfnóttur á eyrum. Hausinn stuttur og sver. Bolur mjög sívalur og bringa breið. Malir breiðar og holdfylltar. Lærvöðvinn stinnur og kúptur og lokar mjög vel uppi í krika. Vel gerð holdakind.

Ullarlýsing: Gulur í hnakka og á dindli en ljósgulur á fótum. Gul hár finnst í reyfi, svört doppa á herðum. Fremur ullarlítill og togstuttur. Togið meðalfint, þelið jafnt en ekki mikið.

Reynsla: Reykur 14-812 hefur nú sinn annan vetur á sæðingastöð og var við val hans horft til góðrar reynslu af honum sem alhlíða kynbótahrút í Teigi I í Fljótshlíð. Hann fékk allmikla notkun síðasta vetur og átti stærsta hóp lambhrúta sem komu til skoðunar undan kollóttu hrútunum í haust. Afkvæmi hans eru vel gerð með góðan vænleika, góðan framtíð og lærahold en bak þeirra er breytilegt sem endurspeglast í því að meðalþykkt bakvöðva sona hans er heldur undir meðaltali hjá sonum kollótttra sæðishrúta.

Reykur er hins vegar lofandi ærfaðir líkt og BLUP-kynbótamat fyrir dætraeiginleika gefur til kynna, en dætur hans hafa sýnt frjósemi yfir búsméðaltali í Teigi og höfðu 5,4 afurðastig að meðaltali haustið 2018.

Litaerföir: Reykur er arfblendinn fyrir botnóttum lit í A-sæti, gefur móratt og tvílit, gefur hreinhvít.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

LAMBHRÚTASKOÐUN 2019

Fjöldi	131
Pungi	49,1
Fótleggur	109
Læri	17,7
Ull	8,0
Ómvöðvi	29,7
Ómfita	3,4
Lögun	4,0

	EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð			█				105
Fita			█				100
Skrokkgæði (99%)			█				103
Frjósemi (88%)			█				106
Mjólurlagni (87%)			█				110
Heildareinkunn			█				106

Mál og stigun: 2014-54-110-28/4,1/3,5-8,0-8,5-9,0-8,5-9,0-17,5-7,5-8,0-8,0=84,0 stig.

14-973 PLÚTÓ

frá Heydalsá (Ragnari og Sigríði), Steingrímsfirði.



FFFF: STERI 07-855



Lýsing: Hvítur, kollóttur með sveran, breiðan og þröttlegan haus. Háls vel bundinn við breiðar, vel holdfylltar herðar. Bringa breið og bolur vel sívalur. Bakið breitt og malir vel holdfylltar, lærvöðvi þykkur og fyllir vel í krikann. Bollengd í meðallagi og hrúturinn samsvarar sér vel.

Ullarlýsing: Hreinhvítur og ullarmikill. Tog glansandi, hrokkið og jafnt en í grófara lagi, sérstaklega á síðum. Þel mikið og þykkt. Ullarprúður.

Reynsla: Plútó 14-973 er að hefja sinn fjórða vetur á sæðingastöð. Hann hefur aldrei verið mikið notaður en er teft fram þetta árið þar sem dætur hans hafa reynst vel og BLUP-kynbótamat fyrir bæði frjósemi og mjólurlagni hefur hækkað ár frá ári.

Afkvæmi hans sem hafa komið til skoðunar hafa verið breytileg en ætíð má finna í þeim hópi úrvalsgóð afkvæmi líkt og kjötmat þeirra lamba sem er slátrað gefur til kynna.

Það er því óhætt að mæla með notkun Plútós sem góðs alhlíða kynbótahrúts fyrir kollóttu féð.

Litaerföir: Plútó er arfhreinn hvítur – gefur hreinhvít.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Lambhrútaskoðun 2017 2018 2019

Fjöldi	76	16	16
Pungi	49,9	49,2	47,9
Fótleggur	109	108	106
Læri	17,7	17,7	17,6
Ull	8,4	8,4	8,3
Ómvöðvi	29,3	30,2	29,1
Ómfita	3,4	3,5	3,3
Lögun	3,8	4,0	3,7

	EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð			█				110
Fita			█				102
Skrokkgæði (99%)			█				106
Frjósemi (93%)			█				105
Mjólurlagni (92%)			█				109
Heildareinkunn			█				107

Mál og stigun: 2014-50-106-27/3,9/4,0-8,0-8,5-9,0-8,5-9,0-18,0-8,5-8,0-8,5=86,0 stig

16-819

NÝR

BLIKI

frá Árbæ, Reykhólasveit. (Keyptur frá Smáhömrum, Steingrímsfirði.)



FFMF: Frakksson 03-974; MMFF: Sigurfari 09-860



Lýsing: Hvítur, kollóttur með þróttlegan haus. Herðar eru ávalar og bolur sívalur. Góð holdfylling er í baki og mölum. Lærvöðvinn þykkur og lokar klofi vel. Langvaxinn, kviðléttur og gæfur hrútur.

Ullarlýsing: Hreinhvítur, ullarmagn í góðu meðallagi. Togið hrokkið og meðalstutt að aftan, lengra og gljáandi að framan. Þelið allþykkt og jafnt.

Reynsla: Bliki 16-819 er annar tveggja hrúta sem valinn var á sæðingastöð að aflokinni afkvæmarannsókn fyrir úrvalshrúta sem fram fór á Melum í Árneshreppi. Bliki er fenginn frá Smáhömrum, en þangað var hann keyptur sem lamb frá Árbæ í Reykhólasveit. Hann er sonur hins öfluga kynbótahrúts Hnokka 12-047 sem á marga afkomendur á sæðingastöð í vetur en hann er á bak við þá Koll 15-983 og Reyk 14-812 frá Árbæ, Fannar 14-972 frá Heydalsá og Vidda 16-820 frá Fremri-Gufudal.

Bliki vakti athygli fyrir góða frammistöðu í sterkum samanburði á Smáhamrabúinu og var þar í toppbaráttunni haustin 2017 og 2018. Þar sýndi hann að afkvæmi hans eru þroskamikil og vel gerð. Í afkvæmarannsókninni á Melum var meðalfallþungi afkvæma hans 18,6 kg, einkunn fyrir gerð 10,7 og einkunn fyrir fitu 6,1. Meðalþungi falla í afkvæmarannsókninni var 18,9 kg, einkunn fyrir gerð 10,9 og einkunn fyrir fitu 6,6. Stór hópur gimbra var tekinn frá til lífs undan honum og jafnframt átti hann þó nokkuð af góðum hrútsefnum, þar á meðal hæst dæmda hrútlambið í rannsókninni.

BLUP-kynótamat fyrir dætraeiginleika sýnir að dætur hans verði frjósamar um meðallag en góðar mjólkurær. Reynsla af dætrum heima á Smáhömrum endurspeglar þessar tölur. Móðir Blika, Kátína 14-100, er úrvals afurðakind sem hefur alltaf verið tvílembd og hefur 9,1 afurðastig.

Litaerfðir: Bliki er arfblendinn hvítur, erfir ekki mórautt en gefur tvílit og hreinhvítt.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2016-50-107-31/3,1/4,5-8,0-8,5-8,5-9,0-9,0-18,5-8,5-8,0-8,5=86,5 stig.


	EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð							116
Fita							108
Skrokkgæði (96%)							112
Frjósemi (81%)							99
Mjólkurlagni (78%)							109
Heildareinkunn							107

16-820

NÝR

VIDDI

frá Fremri-Gufudal, Gufudalssveit.



Lýsing: Hvítur, kollóttur með góða holdfyllingu að framan, ávalar herðar og útlögur í meðallagi. Bak er sterkt og mala- og lærahold mjög góð.

Ullarlýsing: Hreinhvítur, ullarmagn í meðallagi. Togið mjög gróft og strítt og þelið í minna lagi.

Reynsla: Viddi 16-820 bættist í hrútaflota sæðingastöðvanna sumarið 2019 og kemur frá Fremri-Gufudal í Gufudalssveit þar sem hann hefur reynst vel sem allhliða kynbótahrútur undanfarnin ár. Í æðum hans er mikið Árbæjarblóð líkt og ættartré hans gefur til kynna.

Faðir Vidda, Deddi 15-410 er afbragðs lambafaðir, nú til heimilis á Reykhólum og tók Viddi við keflinu af honum í Fremri-Gufudal. Viddi og synir hans skiluðu síðan bestu niðurstöðum haustsins í Fremri-Gufudal. Haustið 2018 var afkvæmarannsókn í Fremri-Gufudal þar sem 11 hrútar voru í samanburði. Fjórir efstu hrútarnir voru synir Vidda eða Dedda. Viddi var fjórði í röðinni með 113 í heildareinkunn og sækir hann helst yfirburði sína í kjötmat sláturlamba. Í rannsókninni var fallþungi afkvæma hans 19,4 kg, einkunn fyrir gerð 10,5 og fitu 6,7. Meðaltal rannsóknarinnar var fallþungi 19,0 kg, einkunn fyrir gerð 10,0 og fita 7,0. Veikasti partur afkvæma Vidda er þykkt bakvöðva en fyrir þann eiginleika var hann aðeins undir meðaltali rannsóknarinnar.

Val Vidda byggist ekki síður á því að væntingar eru bundnar við hann sem öflugan ærföður en bæði BLUP-kynbótamat fyrir frjósemi og mjólkurlagni er mjög hátt. Fyrstu upplýsingar um dætur frá Fremri-Gufudal gefa þar góð fyrirheit, en þær hafa sýnt frjósemi yfir búsméðaltali.

Litaerfðir: Viddi er arfblendinn hvítur, gefur mórautt og tvílit, gefur hreinhvítt.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

	EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð							107
Fita							113
Skrokkgæði (98%)							110
Frjósemi (74%)							118
Mjólkurlagni (72%)							113
Heildareinkunn							114

Mál og stigun: 2016-57-103-29/5,1/4,0-8,0-8,0-8,0-8,5-9,0-19,0-8,5-8,0-9,0=86,0 stig.

17-814 GUÐNI

frá Miðdalsgröf, Steingrímsfirði.

GLÆSIR 16-081 frá Broddanesi I

14-100

SVALI 14-071 ~ 14-546

BADDI 13-330 ~ 11-884



17-814

Lýsing: Hvítur kollóttur með fríðan og ræktarlegan haus. Herðar eru frábærlega holdfylltar og breiðar, útlögur miklar og bringa breið. Bakið er breitt og sérstaklega holdfyllt. Malir ákaflega breiðar og holdfylltar. Lærahöldin eru algjört úrval. Eilítil skekkja er í vinstri afturfæti. Einstakur glæsigripur og metfé að gerð.

Ullarlýsing: Guðni er örlítið gulur í hnakka og á fótum en gul hár fundust ekki í reyfi. Hann er ullarmikil með fremur stutt og fingert tog sem er hrokkið ofan til. Þelið er þykkt og mikið

Reynsla: Guðni 17-814 kom á sæðingastöð haustið 2018 að lokinni afkvæmarannsókn úrvalshrúta í Strandasýslu, sem þá var í Miðdalsgröf. Hann fékk mikla notkun síðasta vetur og átti næststærsta afkvæmahóp kollótttra hrúta, sem kom til skoðunar í haust. Í afkvæmahóp Guðna var marga glæsilega gripi að finna og var góð holdfylling í baki, mölum og lærum helstu kostur þeirra. Þannig var afkvæmahópur hans með hæsta meðaltal bakvöðva af kollóttum hrútum (30,7 mm) samhliða góðri lögun. Miðað við aðra kollótttra hrúta var vænleiki afkvæma hans heldur undir meðallagi en þau lömb sem fóru í sláturhús flokkuðust vel líkt og upplýsingar um kjötmat aftarlega í skránni sýnir.

Lítill reynsla er enn fengin á dætur Guðna en í Miðdalsgröf báru tvær dætur hans í vor, önnur tvílembd og hin einlembd. Báðar skiluðu ágætum lömbum í haust. Frekari reynsla verður því að varpa betra ljósi á hvar Guðni stendur með tilliti til dætraeiginleika.

Rétt er að benda á að Guðni er talsvert fjarskyldur öðrum kollóttum sæðingahrútum en fyrstu forfeður hans sem dvöldu á stöð eru í fimmta ættlið.

Litaerfðir: Guðni er arfhreinn hvítur.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2017-51-109-42/3,5/5,0-8,0-9,0-9,0-9,5-9,0-18,5-8,0-7,5-8,5=87,0 stig.


LAMBHRÚTASKOÐUN 2019

Fjöldi	119
Þungi	48,7
Fótleggur	109
Læri	17,9
Ull	8,0
Ómvöðvi	30,7
Ómfita	3,3
Lögun	4,3

	EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð							111
Fita							102
Skrokkgæði (98%)							107
Frjósemi (65%)							100
Mjólurlagni (64%)							107
Heildareinkunn							105



Skírlífsbelti fyrir hrúta



- Einfalt og þægilegt í notkun
- Hentar vel til að finna blæsma ær
- Hentar afar vel fyrir sæðingar, þær verða auðveldari
- Ekkert inngríp fyrir hrútinn
- Ekki þarf að leiða hrútinn um krærnar
- Öll meðhöndlun verður rólegri

Minum á ríkulegt úrval
rekstrarvara fyrir sauðfjárbúskap

Sendum um
land allt

Eiginbolti I, 310 Berganesi S-430-5500
Óyð 8-18 vika dags og 10-14 laugarágn



12-978
MELUR

FELDFJÁR
HRÚTUR

frá Melhól, Meðallandi. (Keyptur frá Þykkvabæjarklaustri 2, Álftaveri)

NÖKKVI 10-093 frá Bakkakoti I

07-714

GRÁFELDUR 08-894 ~ MÚS 03-325

GRÁSI 05-259 ~ 01-291

MMF:Vestri 00-853



Lýsing: Hausinn er breiður og þróttlegur, herðar sæmlega breiðar og jafnar og útlögur góðar. Mala- og lærahold allgóð. Bollengd í meðallagi. Sterkir fætur. Hraustlegur hrútur.

Ullarlýsing: Grár, þokkalega jafn litur en þó aðeins ljósari á lærum og bógum. Ullarmikill miðað við aldur með fallegt, mjúkt og liðað tog en móleitur toppar hafa aðeins komið í tog með aldrinum. Þellítill en mætti þó vera þelminni miðað við feldræktun.

Reynsla: Melur 12-978 var tekinn á stöð sumarið 2017 til áframhaldandi viðhalds og dreifingar á feldeiginleikum. Við ræktun feldfjár er lagt mat á sjö eiginleika er varða feldinn. Þeir eru: Hreinleiki litar, dreifing lokkunar, gerð og styrkleiki lokks, gljái hára, háragæði (fint tog en sem minnst þel), gæði toghára og þéttleiki felds. Best er að nota hreinlitar gráar eða svartar ær til að hefja þessa ræktun og kostur að ull þeirra sé þellítill og togíð fingert. Ullar- og gæru-eiginleika er tiltölulega auðvelt að vinna með í kynbótum þar sem arfgengi þeirra eiginleika er hátt. Rétt er að taka fram að þessi sérstöku ullar- og feldgæði koma ekki fram nema að takmörkuðu leyti í fyrstu kynslóð

innblöndunar. Þeir ræktendur sem eiga dætur Gráfeldar 08-894 eða Lobba 09-939 ættu að leggja sérstaka áherslu á að nota Mel á þær. Nokkur reynsla er komin á dætur Mels á Þykkvabæjarklaustri en þær hafa reynst frjósamar og þokkalega mjólkurlagnar. Síðastiðið vor áttu fimmtán fullorðnar dætur hans á Þykkvabæjarklaustri 2,0 lömb að jafnaði en búsméðaltal fyrir fullorðnar ær var 1,9 lömb fædd. Fimm tvævetlur áttu 1,8 lömb en búsméðaltal hjá tvævetlum var 1,6 fædd lömb. Þar sem lítil áhersla hefur verið lögð á að bæta byggingarlag í ræktun feldfjár undanfarna áratugi stendur það orðið heldur illa í þeim samanturði við annað fé í landinu. Það kemur skýrt fram í kynbótamati fyrir gerð en hefur einnig sín áhrif á kynbótamat fyrir mjólkurlagni á nýja mælikvarðinn þar er þungi lamba.

Litaerföir: Melur er arfblendinn grár en gefur einnig mórâuðan lit og tvílit.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Fallnir hrútar 2018-2019 - Ástæður

10-920	Kölski	Felldur - fullnotaður
11-946	Borkó	Felldur - fullnotaður
11-947	Kraftur	Felldur - fullnotaður
12-960	Malli	Felldur - fullnotaður
12-970	Brúsi	Felldur - fullnotaður
13-961	Bergur	Felldur - fullnotaður
13-962	Klettur	Felldur - fullnotaður
13-981	Molli	Felldur - heilsufarsástæður
14-986	Bergsson	Drapst - bráðkvaddur
14-987	Frosti	Drapst - heilsufarsástæður (tannvandamál)
14-815	Strumpur	Drapst - heilsufarsástæður (tannvandamál)
15-989	Drangi	Drapst - heilsufarsástæður (ígerð út frá hornbroti)
15-992	Óðinn	Drapst - heilsufarsástæður (vanþrif)
15-802	Angi	Drapst - heilsufarsástæður (ígerð í kinn)
15-803	Eiríkur	Drapst - heilsufarsástæður (blóðeitrun v/ígerðar í fæti)
15-804	Gunni	Drapst - barkabólga
15-805	Fjalldrapi	Drapst - heilsufarsástæður (meltingartruflanir)
16-995	Fáfnir	Drapst - barkabólga

15-977
NIKULÁS

frá Brakanda, Hörgárdal.

FORYSTU
HRÚTUR



FM: LIPURTÁ 12-200 Á SÖMU FORELDRA OG FLÓRGOÐI I I-886; MMF: MÓBLESI 89-921; MFFF: BISKUP 96-822; MMMF: SALÓMON 85-878.



Lýsing: Nikulás er svartarnhöfðóttur, sokkóttur, hyrndur. Hann var valinn á sæðingastöð sumarið 2017 til liðsinnis við varðveislu forystufjár. Hann er frá Brakanda í Hörgárdal en þar má finna eina stærstu hjörð af hreinræktuðu forystufé á landinu í dag. Nikulás er hávaxinn og virðulegur og ber höfuðið hátt og hefur vakandi auga á öllu sem fram fer í kringum hann. Hann hefur sýnt ótvíræða forystueiginleika á heimabúi og er þægur og rólegur í umgengni en þó varkár og ekki mikið fyrir klapp og kjass, nema rétt sé að honum farið og hann þekki sinn „húsbónda“. Faðir Nikulásar, Ljótur 14-555 var frá Hafrafellstungu I í Óxarfirði en þar hefur lengi verið ræktað forystufé eins og víða á bæjum í Norður-Þingeyjarsýslu. Sæðinga-

hrúturinn Geri 03-986 er FFFF Nikulásar en öflugt forystufé frá Vestaralandi, Klifshaga og Grímsstöðum á Fjöllum kemur einnig fyrir í föðurættinni. Sá forystuhrútur á sæðingastöð sem fyrstur kemur fyrir í ættartré Nikulásar er Móblesi 89-921 (MMF). Einum ætlið aftar koma fyrir gamlir kappar sem eru: Biskup 96-822 (MFFF), Prestur 94-823 (MFMF) og Salómon 85-878 (MMMF).

Litaerföir: Undan Nikulási geta komið allir litir leyfi móðurætt slíkt.
Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).



TIL SÖLU

FJÁR-, KÚA- OG HESTAKLIPPUR

KAMBAR OG HNÍFAR

BRÝNSLUVÉLAR



STILLI HANDFÖNG Á BARKAKLIPPUM
BRÝNI KAMBA OG HNÍFA

Guðmundur Hallgrímsson
Túngötu 16 - Hvanneyri - 311 Borgarnes
Sími: 860-7305
gudmundur@vesturland.is

Sauðfjársörur frá Líflandi



Ærblanda háprótein

- orkuríkt kjarnfóður með fiskimjöli

Orkuríkt kjarnfóður með 24% próteini. Kjarnfóðrið inniheldur 15% fiskimjöl. Hentar þar sem þörf er á sterku fengi.



Fæst í 25 kg. smásekkjum og 500 kg. stórsekkjum.

Ærblanda LÍF

- fóðurbætir fyrir sauðfé

Hagkvæmur valkostur með 15% próteininnihaldi. Inniheldur 2% fiskimjöl. Hentar vel með miðlungsgóðum heyjum.



Fæst í 25 kg. smásekkjum og 500 kg. stórsekkjum.

Sauðfjáfata Líflands

- Vara ætluð íslensku sauðfé

Sauðfjáfatan er sérstaklega ætluð íslensku sauðfé og er auður af lífsnauðsynlegum stein- og snefilefnum. Fatan inniheldur AO-mix, blöndu náttúrulegra andoxunarefna sem minnka álag á frumur þegar efnaskipti eru hröð, t.d. á seinnihluta meðgöngu og um burð. Í samspili við E-vítamín og selen hefur andoxunarblandan jákvæð áhrif á frjósemi, heilbrigði og ónæmiskerfi fjárins. Innbyrðis hlutfall kalsíum og fosfórs er til þess fallið að minnka líkur á stoðkerfisvandamálum og doða við burð.



Lífræn ærblanda

- Lífrænt vottað fóður

Inniheldur 16,5% prótein. Fóðrið uppfyllir ákvæði ESB reglugerðar (EC) nr. 834/2007 um framleiðslu á lífrænt vottuðum landbúnaðarvörum. Lífræna ærblandan er góður kostur sem viðbótarfóður fyrir sauðfé. Hún hentar bændum sem stunda sauðfjarrækt eða frístundabændum sem kjósa að fýða sitt fé á lífrænu fóðri.



Fæst í 20 kg. smásekkjum.

FW Steinefnasteinn

- 10 kg

Steinefna- og selenbættur saltsteinn fyrir allan búfánað.



Við sendum **frítt** á næstu stöð Samskipa ef

- Þú kaupir 1 stórsekk af Ærblöndum og 4 Sauðfjáfötur.
- Þú kaupir 12 smásekki af Ærblöndum og 2 Sauðfjáfötur.

Tilboðið gildir til og með 31. desember 2019



Sala og ráðgjöf
Sími 540 1100

www.lifland.is
lifland@lifland.is

Reykjavík
Lynghál

Borgarnes
Borgarbraut

Akureyri
Óseyri

Blönduós
Efstubraut

Hvolsvöllur
Ormsvöllur

Hrútar 2019-20, lambhrútaskoðun og kynbótamat 2019

Hyrndir Númer og nafn	Fjöldi	Pungi	ÖMV	ÖMF	Lögun	Föt.	Haus	H+h	B+útl.	Bak	Malir	Læri	Ull	Fætur	Samr.	Alls	K.gerð	K.fita	K.skrokkgaði	K.frjósemi	K.mjólkurlagi	K.heild	Stöð 2019-20
10-920 Kölski	12	49,7	31,1	2,9	4,4	109,2	8,0	8,5	8,9	8,9	8,8	18,0	7,9	8,0	8,4	85,4	108	109	109	115	98	107	Fallinn
11-946 Borkó	12	46,8	30,3	2,8	4,0	108,5	8,0	8,3	8,5	8,8	8,5	17,3	7,8	8,0	8,3	83,5	106	106	106	104	109	106	Fallinn
11-947 Kraftur	78	49,4	30,4	2,9	4,2	108,5	8,0	8,4	8,6	8,7	8,6	17,7	7,7	8,0	8,3	84,0	112	106	109	110	99	106	Fallinn
12-960 Malli	40	45,7	30,2	3,1	4,1	108,1	8,0	8,4	8,6	8,5	8,6	17,5	7,8	8,0	8,4	83,8	115	99	107	105	96	103	Fallinn
13-953 Dreki	149	47,8	31,2	3,0	4,2	108,7	7,9	8,4	8,6	8,7	8,7	17,6	7,8	8,0	8,4	84,1	108	115	112	102	114	109	Laugardælar
13-961 Bergur	42	47,5	30,5	3,3	4,1	110,1	7,9	8,4	8,7	8,7	8,7	17,6	7,8	8,0	8,1	83,9	103	104	104	105	101	103	Fallinn
13-962 Klettur	210	49,1	30,1	2,8	4,2	110,4	8,0	8,5	8,7	8,7	8,7	17,8	7,8	8,0	8,3	84,5	109	115	112	112	115	113	Fallinn
13-984 Gutti	81	48,0	30,1	3,1	4,2	109,9	8,0	8,5	8,7	8,8	8,7	17,7	7,9	8,0	8,4	84,7	99	102	101	113	117	110	Borgarnes
14-986 Bergson	72	49,6	31,3	3,2	4,3	109,0	8,0	8,5	8,7	8,8	8,7	17,6	8,0	8,0	8,5	84,8	108	112	110	117	105	111	Fallinn
14-987 Frosti	60	48,1	30,7	3,0	4,2	107,6	8,0	8,6	8,7	8,8	8,8	17,7	7,9	8,0	8,3	84,8	111	96	104	114	98	105	Fallinn
14-988 Tvístur	166	48,5	30,6	2,7	4,2	109,2	7,9	8,5	8,7	8,8	8,8	17,9	7,8	8,0	8,4	84,8	118	113	116	91	96	101	Borgarnes
14-800 Bíldur	19	45,2	31,3	3,3	4,4	109,9	8,0	8,5	8,6	8,9	8,7	17,4	7,8	8,0	8,3	84,2	114	99	107	109	103	106	Borgarnes
14-801 Spakur	198	47,9	31,0	2,9	4,3	108,9	7,9	8,5	8,7	8,7	8,7	17,8	7,7	8,0	8,4	84,4	115	104	110	110	105	108	Laugardælar
15-989 Drangi																							Fallinn
15-990 Mávur	249	49,4	31,4	2,4	4,3	107,9	7,9	8,7	8,9	8,8	8,9	17,9	8,2	8,0	8,4	85,7	115	116	116	106	102	108	Laugardælar
15-991 Njörður	33	48,3	30,9	2,9	4,2	108,2	7,9	8,4	8,6	8,8	8,7	17,8	7,9	8,0	8,2	84,3	112	110	111	101	95	102	Borgarnes
15-992 Óðinn	98	47,4	31,6	2,9	4,3	107,7	8,0	8,4	8,6	8,8	8,7	17,7	7,8	8,0	8,4	84,4	117	105	111	103	104	106	Fallinn
15-802 Angi	115	48,0	31,7	3,1	4,1	109,7	7,9	8,3	8,6	8,8	8,7	17,7	7,7	8,0	8,4	84,1	114	107	111	102	110	108	Fallinn
15-803 Eiríkur	96	45,7	31,5	3,1	4,3	108,3	8,0	8,6	8,8	8,8	8,8	17,8	7,8	8,0	8,3	84,9	116	104	110	102	102	105	Fallinn
15-804 Gunni	155	47,7	30,5	3,3	4,1	110,9	7,9	8,5	8,7	8,7	8,7	17,7	7,9	8,0	8,3	84,4	111	111	111	94	119	108	Fallinn
15-805 Fjalldrapi	93	47,3	31,2	3,1	4,2	109,6	8,0	8,5	8,7	8,8	8,7	17,7	7,9	8,0	8,2	84,5	111	107	109	101	101	104	Fallinn
15-806 Náli	48	48,0	31,1	3,2	4,4	108,1	8,0	8,6	8,8	8,9	8,9	17,9	7,9	8,0	8,4	85,4	108	112	110	110	107	109	Borgarnes
15-807 Raxi	18	46,3	31,4	3,1	4,2	105,3	8,0	8,5	8,6	8,7	8,7	17,6	7,8	8,0	8,3	84,2	116	96	106	99	96	100	Laugardælar
15-822 Búi																							Laugardælar
15-823 Hólkur																							Laugardælar
16-994 Durtur	250	47,8	31,5	3,4	4,3	108,5	8,0	8,6	8,8	8,9	8,8	17,9	7,8	8,0	8,3	85,1	125	99	112	100	111	108	Borgarnes
16-995 Fáfnir	228	47,2	31,3	3,0	4,3	107,4	8,0	8,4	8,7	8,8	8,8	17,9	7,9	8,0	8,4	84,9	119	112	116	99	114	110	Fallinn
16-824 Breki																							Laugardælar
16-825 Glámur																							Laugardælar
16-826 Heimaklettur																							Borgarnes

16-827 Mínus	119	101	110	106	103	106	Borgarnes																
16-828 Mjöllnir	122	127	125	112	105	114	Borgarnes																
16-829 Stapi	119	113	116	103	113	111	Laugardællir																
16-830 Svavar	110	101	106	105	110	107	Laugardællir																
17-808 Drjúgur	334	48,5	30,3	3,0	4,2	107,8	7,9	8,5	8,7	8,7	8,7	17,8	7,9	8,0	8,3	84,5	112	101	107	105	112	108	Borgarnes
17-809 Glæpon	79	47,8	32,2	3,4	4,3	107,6	8,0	8,5	8,7	8,9	8,7	17,7	7,7	8,0	8,4	84,6	115	98	107	101	110	106	Laugardællir
17-810 Köggull	176	46,1	32,6	3,1	4,3	108,6	8,0	8,5	8,7	8,9	8,7	17,7	7,8	8,0	8,3	84,6	110	108	109	105	109	108	Laugardællir
17-831 Amor	122	110	116	107	107	107	107	107	107	107	107	107	107	107	107	107	107	107	107	107	107	110	Borgarnes
17-832 Bruni	115	106	111	108	104	108	104	108	104	108	104	108	104	108	104	108	104	108	104	108	104	108	Laugardællir
18-833 Kofi	118	112	115	102	107	108	104	108	104	108	104	108	104	108	104	108	104	108	104	108	104	108	Laugardællir
18-834 Rammi	126	102	114	103	107	108	104	108	104	108	104	108	104	108	104	108	104	108	104	108	104	108	Laugardællir
18-835 Völlur	127	103	115	104	110	110	110	110	110	110	110	110	110	110	110	110	110	110	110	110	110	110	Laugardællir
Meðaltal hyrndir:	3111	48,0	31,1	3,0	4,2	108,7	8,0	8,5	8,7	8,8	8,7	17,8	7,9	8,0	8,3	84,7							

Kollóttir

11-979 Blær	24	52,0	29,2	3,1	4,3	111,1	7,9	8,5	8,6	8,5	8,7	17,6	8,5	8,0	8,4	84,7	96	112	104	111	122	112	Laugardællir
12-970 Brúsi	52	51,0	29,9	3,3	4,1	110,1	7,9	8,4	8,6	8,7	8,7	17,6	8,5	7,9	8,4	84,7	104	110	107	102	109	106	Fallinn
13-971 Ebiti	89	50,7	30,4	3,4	4,2	109,5	8,0	8,6	8,7	8,7	8,8	18,0	8,2	8,0	8,5	85,5	112	107	110	100	108	106	Laugardællir
13-981 Mollí	6	50,5	29,9	3,3	4,1	110,0	8,0	8,6	8,7	8,7	8,8	17,5	7,9	8,0	8,3	84,5	105	110	108	116	106	110	Fallinn
13-982 Móri	53	50,9	30,4	3,1	4,2	111,6	8,0	8,5	8,7	8,8	8,7	17,8	8,1	7,9	8,4	84,9	105	108	107	126	113	115	Borgarnes
13-811 Jökull	30	51,3	30,3	3,2	4,2	110,4	7,9	8,6	8,7	8,7	8,7	17,7	8,2	8,0	8,3	84,8	102	106	104	103	108	105	Borgarnes
14-972 Fannar	25	47,8	30,4	3,5	4,1	108,7	7,9	8,3	8,5	8,6	8,5	17,5	8,4	8,0	8,4	84,1	104	104	104	107	115	109	Borgarnes
14-973 Plútó	16	47,9	29,1	3,3	3,7	106,4	8,0	8,3	8,5	8,4	8,6	17,6	8,3	8,0	8,3	84,0	110	102	106	105	109	107	Laugardællir
14-812 Reykur	131	49,1	29,7	3,4	4,0	109,3	8,0	8,6	8,7	8,6	8,7	17,7	8,0	8,0	8,4	84,7	105	100	103	106	110	106	Laugardællir
15-983 Kollur	85	49,3	30,1	3,2	4,2	110,1	7,9	8,6	8,7	8,8	8,8	17,9	8,4	8,0	8,4	85,5	110	107	109	103	98	103	Borgarnes
15-818 Baukur	114	101	108	101	103	104	104	104	104	104	104	104	104	104	104	104	104	104	104	104	104	104	Borgarnes
16-819 Bliki	116	108	112	99	109	107	107	107	107	107	107	107	107	107	107	107	107	107	107	107	107	107	Laugardællir
16-820 Viddi	107	113	110	118	113	114	114	114	114	114	114	114	114	114	114	114	114	114	114	114	114	114	Laugardællir
17-813 Dúlli	102	49,5	29,3	3,1	4,1	109,9	8,0	8,5	8,6	8,5	8,7	17,8	8,4	8,0	8,4	84,9	112	105	109	98	101	103	Borgarnes
17-814 Guðni	119	48,7	30,7	3,3	4,3	109,3	7,9	8,6	8,7	8,7	8,8	17,9	8,0	8,0	8,5	85,1	111	102	107	100	107	105	Laugardællir
17-821 Fálki	128	110	119	92	104	105	105	105	105	105	105	105	105	105	105	105	105	105	105	105	105	105	Borgarnes
Meðaltal kollóttir:	732	49,7	30,0	3,3	4,1	109,8	8,0	8,5	8,7	8,7	8,7	17,8	8,2	8,0	8,4	85,0							

Meðaltal allir: 3843 48,3 30,7 3,1 4,2 108,9 8,0 8,5 8,7 8,8 8,7 17,8 7,9 8,0 8,4 84,8


Feldfjárhútar

09-939 Lobbi	76	100	88	86	75	83	Laugardællir
12-978 Melur	81	93	97	102	92	94	Laugardællir
16-817 Ljúfur	94	94	94	90	86	90	Borgarnes

13-984

GUTTI

frá Þóroddsstöðum, Hrutafirði.



FFF: GOTTI 05-804; MMFF: MOLI 00-882



13-984

Lýsing: Hvítur, fremur krapphyrndur með svipfríðan haus. Breiðvaxinn en jafnframt jafnvaxinn hrútur með góða holdfyllingu hvar sem á honum er tekið. Glæsilegur hrútur.

Ullarlýsing: Fölgulur á fótum, ekki áberandi í hnacka. Örlítið gult í ull á mölum. Ullin fremur lítil. Tog hrokkið en gróft.

Reynsla: Gutti 13-984 er nú að hefja sinn þriðja vetur á stöð. Þangað var hann valinn fyrst og fremst sem spennandi ærfaðir. Gutti tók þátt í afkvæmarannsókn vegna sæðingastöðvanna á sínum tíma en reyndist ekki nægilega framúrskarandi lambafaðir og fékk niðurstöður um meðallag í rannsókninni. Gutti gefur ekki mikið af lömbum sem falla í hóp þeirra albest gerðu, en megnið af afkvæmum hans er þó ágætlega gerðir einstaklingar. Dætur Gutta eru mjög álitlegar og BLUP-kynbótamat hans fyrir frjósemi dætra hækkar á milli ára og hann hefur hæsta BLUP-kynbótamat allra hyrndra hrúta á sæðingastöð fyrir mjólkurlagni dætra.

Litaerfðir: Gutti er arfhreinn hvítur. Í lýsingu á litaerfðum í síðustu skrá var Gutti sagður arfblendinn. Það byggði á upplýsingum vegna misskráningar eða mistaka sem tengdust sæðingum.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2013-51-108-30/2,2/5,0-8,0-8,5-8,5-9,0-8,5-18,0-8,0-8,0-8,5=85,0 stig


Lambhrútaskoðun	2017	2018
Fjöldi	183	81
Þungi	47,6	48,0
Fótleggur	109	110
Læri	17,6	17,7
Ull	7,8	7,9
Ómvöðvi	29,8	30,1
Ómfita	3,0	3,1
Lögun	4,2	4,2

	EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð							99
Fita							102
Skrokkgæði (100%)							101
Frjósemi (98%)							113
Mjólkurlagni (96%)							117
Heildareinkunn							110

14-800

BÍLDUR

Árbæjarhjáleigu, Holtum.



14-800

Lýsing: Svartböldottur krapphyrndur með stuttan og svipmikinn haus. Hann er ágætlega langvaxinn með breiðan og sívalan bol. Malir eru breiðar og holdfylltar og lærahold mjög góð. Rólegur og gæfur hrútur.

Ullarlýsing: Svartböldottur og svartdropottur um allan bolinn. Ullarmagn í góðu meðallagi og reyfið jafnt. Togið fingert, áberandi langt og hrokkið. Þelið jafnt og þykkt. Lagðprúður hrútur.

Reynsla: Bíldur 14-800 hefur nú sitt annað ár á sæðingastöðvunum. Hann var í afkvæmarprófun í Skarði, Landsveit haustið 2018 og í framhaldinu valinn fyrir stöðvarnar. Styrkleiki hans í þeirri rannsókn lýsti sér helst í því hvað hann skilaði mörgum álitlegum lífgimbrum og átti hann stærsta hlutdeild í ásetningsgimbrahópnum í Skarði þá um haustið. Áður hafði hann getið sér gott orð sem lambafaðir heima í Árbæjarhjáleigu og víðar. Bíldur var ekki mikið notaður sl. haust en lágt kynbótamat hans fyrir mjólkurlagni hefur trúlega átt sinn þátt í því. Þess vegna voru fáir hrútar skoðaðir undan honum á liðnu hausti. Með meiri upplýsingum um dætur hefur mat hans fyrir eiginleika dætra hins vegar hækkað verulega milli ára. Frjósemi þeirra er vel yfir búsméðaltali bæði í Árbæjarhjáleigu og Skarði en 14 veturgamlar dætur hans í Skarði áttu 1,4 lömb að jafnaði í vor en búsméðaltalið var 1,0. Þá voru 12 dætur hans í Árbæjarhjáleigu í rúmu meðallagi fyrir mjólkurlagni samkvæmt uppgjöri skýrsluhaldsins haustið 2018. Bíldur hefur því vaxið sem allhiða kynbótahrútur og er góður valkostur fyrir þá sem vilja viðhalda litafjölbreytileika.

Litaerfðir: Undan Bíld geta allir litir komið fram leyfi móðurætt lambanna slíkt.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2014-53-110-31/3,9/4,5-8,0-8,0-8,0-9,0-9,0-18,0-8,0-8,0-8,0=84,0 stig


LAMBHRÚTASKOÐUN	2019
Fjöldi	19
Þungi	45,2
Fótleggur	110
Læri	17,4
Ull	7,8
Ómvöðvi	31,3
Ómfita	3,3
Lögun	4,4

	EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð							114
Fita							99
Skrokkgæði (99%)							107
Frjósemi (83%)							109
Mjólkurlagni (81%)							103
Heildareinkunn							106

I4-988

TVISTUR

frá Hríshóli, Eyjafjarðarsveit.



MMF: Kveikur 05-965; FMFF: Raftur 05-966



Lýsing: Hvítur, hyrndur með þröttlegan haus. Bringa áberandi breið og brjóstkassi vel hvelfur, útlögur miklar. Bak vel holdfyllt og malir langar og mjög holdfylltar. Lærahold mjög góð og vöðvinn áberandi kúptur. Langvaxinn og föngulegur hrútur, en örlítið kviðaður

Ullarlýsing: Fölgulur í hnakka og á fótum og örlítið gult í ull, en ekki áberandi. Ullarmagn í tæpu meðallagi. Tog fremur stutt og meðalgróft.

Reynsla: Tvistur I4-988 er að hefja sinn þriðja vetur á sæðingastöð. Hann hefur fengið talsverða notkun síðustu tvo vetur. Afkvæmi hans eru þroskamikil með þykka vöðva og einkennismerki margra þeirra eru fádæma mikil lærahold. Tvistur stendur því vel undir væntingum sem lambafaðir. Nokkrir veturgamlir synir hans sýndu framúrskarandi niðurstöðu sem lambafaður á sínum heimabúum haustið 2019.

Heldur hefur sigið á ógæfuhliðina hjá Tvisti sem ærföður en BLUP-kynbótamat fyrir frjósemi lækkaði talsvert þegar upplýsingar komu um stóran hóp veturgamalla dætra vorið 2019. Eins stendur hann heldur undir meðallagi fyrir afurðasemi dætra en þær upplýsingar byggja enn eingöngu á upplýsingum frá heimabúi. Betri mælikvarði fæst á afurðasemina við haustuppgjör 2019.

Bændur eiga þó ekki að óttast að nota Tvist, vilji fólk nota hrút sem er öruggur og góður lambafaðir eða hrútafaðir, má mæla verulega með notkun hans.

Litaerfðir: Tvistur er arfhreinn hvítur.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2014-55-111-30/3,5/4,0-8,0-8,5-9,0-9,0-9,5-18,0-8,0-8,0-8,5=86,5 stig


Lambhrútaskoðun	2018	2019
Fjöldi	191	166
Þungi	50,3	48,5
Fótleggur	109	109
Læri	17,9	17,9
Ull	7,8	7,8
Ómvöðvi	30,8	30,6
Ómfita	2,7	2,7
Lögun	4,3	4,2

	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						118
Fita						113
Skrokkgæði (100%)						116
Frjósemi (97%)						91
Mjólklagn (95%)						96
Heildareinkunn						101

I5-806

NÁLI

frá Oddsstöðum, Lundarreykjadal.



FFF: Þrjónn 07-812; MMF: Laufi 08-848; MFFF: Gosi 09-850



Lýsing: Hvítur hyrndur með gott hornlag og þröttlegan en fríðan haus. Breiðvaxinn með sívalan bol. Mala- og lærahold afbragðs góð. Náli er bærilega bollangur, lágfættur og jafnvaxin holdakind.

Ullarlýsing: Gulur í hnakka, á dindli og fótum. Töluvert um gul hár, sérstaklega aftan til. Ullarmagn í meðallagi. Togið fremur stutt, nokkuð hrokkið og meðalgróft. Þelið jafnt og nokkuð þykkt.

Reynsla: Náli I5-806 er nú að hefja sinn annan vetur á stöð. Hann fékk fremur litla notkun á sínu fyrsta ári en í haust komu um fimmtíu synir hans til dóms. Þær niðurstöður sem þar fengust gefa til kynna að full ástæða hefði verið til, að nota Nála mun meira. Vænleiki og niðurstöður ómælinga liggja nærri meðaltali sona hyrdu stöðvahrútanna en synir Nála stigast yfir meðaltölum fyrir alla þætti nema fyrir ull, þar sem þeir eru á meðaltali. Náli virðist því öflugur kynbótahrútur til að bæta skrokkgæði og hefur jafnframt lofandi kynbótamat fyrir dætraeiginleika. Heima á Oddsstöðum er til dágóður hópur dætra hans sem hafa sýnt mjög góða frjósemi og 18 dætur hans höfðu 5,5 afurðastig að jafnaði haustið 2018. Náli er sterkur alhliða kynbótahrútur og í honum sameinast það besta úr genasafni margra þekktra forfeðra hans.

Litaerfðir: Náli er arfhreinn hvítur.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2015-44-103-28/3,5/3,5-8,0-8,5-8,5-8,0-8,5-18,0-8,0-8,0-8,0=83,5 stig


LAMBHRÚTASKOÐUN	2019
Fjöldi	48
Þungi	48,0
Fótleggur	108
Læri	17,9
Ull	7,9
Ómvöðvi	31,1
Ómfita	3,2
Lögun	4,4

	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						108
Fita						112
Skrokkgæði (98%)						110
Frjósemi (86%)						110
Mjólklagn (84%)						107
Heildareinkunn						109

15-823 HÓLKUR

frá Brekku, Núpasveit.

NÝR



frá Bjarnastöðum

FMF: LUNDI 03-945, MFFF: LÓMUR 02-923, MMMF: RAFTUR 05-966

Lýsing: Hvítur, krapphyrndur með svipmikinn haus. Háls er sver og vel bundinn og herðar holdfylltar. Örlítið slöður aftan við bóga. Útlögur góðar og holdfylling í baki og mölum góð. Lærvöðvi einstaklega vel lagaður. Hólkur er sterklegur hrútur og samsvarar sér vel.

Ullarlýsing: Fölgulur í hnakka og á fótum. Svartar dröfnur á eyrum. Nokkuð um gul hár í ull á mölum. Ullarmagn í meðallagi. Þelið jafnt. Togið fremur lítið, í meðallagi gróft.

Reynsla: Hólkur 15-823 var fenginn á stöð sumarið 2019 sem spennandi reyndur kynbótahrútur. Bakgrunnur Hólks er sterkur en hann kemur úr hjörð sem hefur verið í fremstu röð á síðustu árum þegar horft er til kjötmats. Sem lambafaðir hefur hann átt farsælan feril, skilað góðri gerð og vænleika og átti stærsta sláturlambahópin á búinu haustin 2017 og 2018. Haustið 2017 var útkoma hans hvað öflugust en þá var meðalfallþungi afkvæma hans 18,9 kg, einkunn fyrir gerð 11,7 og einkunn fyrir fitu 7,9. Það ár var meðalfallþungi búsinis 17,8 kg, einkunn fyrir gerð 11,3 og einkunn fyrir fitu 7,5.

Hólkur er orðinn býsna reyndur sem ærfaðir en á árunum 2016 til 2018 hafa verið settar á 50 dætur hans. Í vor átti hann 14 veturgamlar dætur sem báru 1,4 lömbum að jafnaði sem er þó aðeins undir búsméðaltalinu sem var 1,5. Stór hópur af tveggja vetra ám var hins vegar við búsméðaltalið með 1,9 lömb fædd. Í haustuppgjöri 2018 höfðu 28 dætur hans að jafnaði 5,1 afurðastig.

Móðir Hólks, 13-351, var einlembd veturgömul en hefur alltaf verið tvílembd eftir það.

Hún er með 6,7 afurðastig.

Litaerfðir: Hólkur er arfhreinn hvítur.


Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2015-45-110-32/1,3/5,0-8,0-8,5-9,0-9,0-9,5-19,0-7,5-8,0-8,0=86,5 stig

EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						124
Fita						101
Skrokkgæði (99%)						113
Frjósemi (89%)						106
Mjólklagnni (87%)						108
Heildareinkunn						109

15-991 NJÖRÐUR

frá Gilsbakka, Hvítársíðu.



FMF: GRÁBOTNI 06-833; MMF: ÁLL 00-868; MMMF: RAFTUR 05-966

Lýsing: Hvítur, hyrndur með þróttmikinn haus. Bringa mjög breið og útlögur miklar. Bakið breitt og vel holdfyllt, mala- og lærahold góð. Bolmikiill og langvaxinn hrútur.

Ullarlýsing: Gulur í hnakka, á dindli og fótum. Lítið gult í reyfi. Ullarmagn í tæpu meðallagi. Tog fingert, hrokkið og gljáandi.

Reynsla: Njörður er nú að hefja sinn þriðja vetur á stöðvunum. Hann hefur fram til þessa fengið heldur takmarkaða notkun og kann skýringin á því að vera að kynbótamat hans fyrir eiginleika dætra hefur verið í lægri kantinum. Ríflega 30 synir Njarðar komu til dóms nú í haust. Þeir voru yfir meðallagi í vænleika en þykkt bakvöðvans aðeins undir meðaltali sona hyrndu hrútanna. Synirnir stíguðust um meðallag fyrir bak, malir og læri en ekki alveg eins vel fyrir frampartinn. Í sláturupplýsingum sem liggja fyrir frá þessu hausti skilar Njörður 57% sláturlamba í E og U og hagstæðu fitumati. Kynbótamat fyrir frjósemi dætra er nú vel í meðallagi og fyrstu visbendingar um mjólklagnni veturgamalla dætra hans vítt um land vekja vonir um efnilegar mjólkurær.

Litaerfðir: Njörður er arfblendinn hvítur, gefur tvílit en ekki mórauðan lit, gefur hreinhvitt.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2015-55-111-33/3,3/4,5-8,0-8,0-8,5-9,0-8,5-18,0-7,5-8,0-8,5=84,0 stig

Lambhrútaskoðun	2018	2019
Fjöldi	32	33
Þungi	49,1	48,3
Fótleggur	109	108
Læri	17,7	17,8
Ull	7,8	7,9
Ómvöðvi	31,4	30,9
Ómfita	3,1	2,9
Lögun	4,3	4,2


EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						112
Fita						110
Skrokkgæði (99%)						111
Frjósemi (90%)						101
Mjólklagnni (86%)						95
Heildareinkunn						102

16-826

NÝR

HEIMAKLETTUR

frá Hriflu, Þingeyjarsveit.



MFF: Púki 06-807, MMF: Hylur 01-883



Lýsing: Hvítur, fínhyrndur með grannan haus. Holdfylling framparts í meðallagi. Bakið sterkt. Holdfylling í mölum og lærum góð.

Ullarlýsing: Fölgulur í hnacka og á fótum. Ullarmagn fremur lítið. Togið fremur stutt og fremur fingert. Þelið jafnt.

Reynsla: Heimaklettur 16-826 var valinn á stöð sumarið 2019 á grunni góðrar reynslu af honum sem lambaföður á heimabúi. Hann var í afkvæmarannsókn fyrir stöðvarnar heima í Hriflu 2017 þegar Drangi faðir hans var valinn til notkunar á stöð. Í þeirri rannsókn skilaði hann hæsta gerðarmati sláturlamba. Þá var fallþungi afkvæma hans 16,0 kg, einkunn fyrir gerð 10,6 og einkunn fyrir fitu 5,9. Meðalfallþungi í rannsókninni var 16,2 kg, einkunn fyrir gerð 9,6 og fyrir fitu 5,4. Útkoman á afkvæmum hans hefur verið sambærileg síðustu tvö haust.

Fyrstu upplýsingar um dætur Heimakletts benda einnig til þess að hann verði öflugur ærfaðir líkt og BLUP-kynbótamat hans fyrir dætraeiginleika segir til um. Móðir Heimakletts, 10-862 var farsæl afurðað; átti eitt lamb gemlingur; var síðan fimm sinnum tvilembd og tvisvar þrilembd með 5,5 afurðastig.

Litaerföir: Heimaklettur er arfblendinn fyrir gráum lit í A-sæti en erfir líklega ekki mórauðan lit, gefur hreinhvitt og tvítt.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Lítið næm arfgerð (AHQ//ARQ).

Mál og stigun: 2016-45-108-34/2,5/4,5-8,0-9,0-8,5-9,0-9,0-19,0-7,5-8,0-8,0=86,0 stig

EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						117
Fita						110
Skrokkgæði (95%)						114
Frjósemi (77%)						105
Mjólkurlagni (74%)						111
Heildareinkunn						110

Gott að
byrja gjöf
6-8 vikum
fyrir og yfir
fengitíma.

Aukin:
HEILSA
FRJÓSEMI
ÚTHALD



HRÚTASTAMPUR

nýjung á Íslandi!



FÓÐURBLANDAN

Fæst í verslunum Fóðurblöndunnar og hjá endursöluaðilum um land allt.

16-827 MÍNUS

frá Mýrum 2, Hrutafirði.

NÝR



16-827

Lýsing: Hvítur, hyrndur með þróttlegan haus. Herðar eru ávalar, bringan breið og útlögur mjög miklar. Bakið breitt og holdfyllt. Malir ákaflega vel gerðar, breiðar og holdfylltar. Holdfylling í lærum mjög góð og lokar klofi vel. Mínus er þéttvaxinn, fremur bollangur og fallegur hrútur.

Ullarlýsing: Hreinhvítur, ullarmikill, með mjög mikið þel. Togið stutt og fremur fingert.

Reynsla: Mínus 16-827 var valinn á stöð sumarið 2019 á grunni góðrar reynslu af honum sem lambaföður á heimabúi. Mínus sýndi góða niðurstöðu í afkvæmarannsókn úrvalshrutu í Miðfjarðarhólfi haustið 2017, sem þá var á Mýrum 2. Þá var fallþungi afkvæma hans 18,4 kg, einkunn fyrir gerð 10,9 og einkunn fyrir fitu 7,6. Meðalfallþungi í rannsókninni var 18,3 kg, einkunn fyrir gerð 10,2 og fyrir fitu 7,3. Við val Mínus á stöð er einnig horft til hans, til kynbóta á ullargæðum.

Fyrstu upplýsingar um dætur gefa góð fyrirheit um hann sem ærföður. Haustið 2018 höfðu 4 dætur hans 5,9 afurðastig að jafnaði og sýndu frjósemi um meðaltal þá um vorið.

Móðir hans Mína 13-982 var tvílembd gemlingur og alltaf eftir það utan einu sinni einlembd. Hún hafði 7,2 afurðastig. Mínus dregur nafn sitt af nafni móður sinnar og hefur ekkert með hefðbundna merkingu orðsins að gera.

Litaerfðir: Mínus er arfhreinn hvítur, gefur hreinhvít.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2016-53-103-39/3,7/4,0-8,0-8,0-9,0-9,0-18,0-8,0-8,0-9,0=86,0 stig

EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð		██████████				119
Fita		█				101
Skrokkgæði (96%)		██████████				110
Frjósemi (72%)		████				106
Mjólklagni (70%)		█				103
Heildareinkunn		████				106

16-828 MJÖLNIR

ffrá Efri-Fitjum, Fitjárdal.

NÝR



16-828

Lýsing: Hvítur, gleiðhyrndur með sterkan svip. Herðar örlítið háar, bringan breið og útlögur miklar. Bakið holdgróið. Malir langar, breiðar og mjög holdfylltar. Lærvöðvi ákaflega góður og lokar klofi vel. Mjólnir er harðskeyttur; harðholda glæsigripur.

Ullarlýsing: Gulur á haus og fötum. Örlítið gult í ull, sérstaklega aftan til. Ullarmagn í tæpu meðallagi. Tog fremur gróft, sérstaklega að aftan.

Reynsla: Mjólnir 16-828 var tekinn í hóp sæðingastöðvahrúta sumarið 2019. Val hans byggir á góðum vísbendingum um að hann sé úrvals alhliða kynbótahrútur. Faðir Mjólnis er Myrkvi 12-665 en hann er einn af athyglisverðustu sonum Runna 11-014 frá Urriðáá. Myrkvi er framúrskarandi bæði sem lambafaðir og ærfaðir en því miður hefur ekki komið til greina að fá Myrkva til notkunar á sæðingastöðvunum vegna þess að hann ber áhættu- arfgerð með tilliti til riðusmits. Sem lambafaðir hefur Mjólnir verið einn af bestu hrútum búans á Efri-Fitjum síðustu ár og hefur staðið þar eftur í uppgjöri sláturlamba, líkt og kynbótamat fyrir gerð og fitu sýnir. Enginn sæðishrútur hefur hærra kynbótmat fyrir skrokkgæði en Mjólnir. Haustið 2018 var meðalfallþungi afkvæma Mjólnis 18,6 kg, einkunn fyrir gerð 11,6 og einkunn fyrir fitu 6,0. Þá var meðalfallþungi búans 18,7 kg, einkunn fyrir gerð 10,8 og 6,5 fyrir fitu. Mjólnir á þegar orðið syni sem láta að sér kveða sem öflugur lambafaðir; bæði heima á Efri-Fitjum og á nágrannabæjum.

Mjólnir fer vel af stað sem ærfaðir. Samkvæmt uppgjöri haustgagna 2018 átti hann 5 dætur sem höfðu 5,5 afurðastig að jafnaði. Í vor bættust við upplýsingar um frjósemi sem styrkja mjög þá trú að sá eiginleiki verði öflugur hjá niðjunum en 13 veturgamlar dætur hans áttu 1,8 lömb að jafnaði (búsmeðaltalið 1,6). Eins stóðu tveggja vetra dætur hans sig með prýði.

Móðir Mjólnis, 11-038 var frjósöm afurðæer; sem var tvílembd gemlingur; þrílembd tveggja vetra og tvisvar eftir það en annars tvílembd. Hún lifði til sjö vetra aldurs og hafði 5,5 afurðastig.

Litaerfðir: Mjólnir er arfblendinn hvítur en erfir hvorki mórauðan lit né tvílit.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2016-51-107-33/3,3/4,0-8,0-8,5-9,0-9,0-9,0-18,5-7,5-8,0-8,5=86,0 stig

EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð		██████████				122
Fita		██████████				127
Skrokkgæði (98%)		██████████				125
Frjósemi (78%)		████				112
Mjólklagni (75%)		█				105
Heildareinkunn		████				114

16-994 DURTUR

frá Hesti, Borgarfirði.



FFF: Garri 11-908; FMF: Grábotni 06-833; MMF: Hergill 08-870;
 MMMF: Borði 08-838; FM: Rófa 11-324 einnig MM: Ramma 18-834



16-994

Lýsing: Hvítur, hyrndur með sveran haus. Jafnvaxinn og vel gerður hrútur hvar sem á honum er tekið. Samsvarar sér vel en nafnið lýsir geðslagi hans vel.

Ullarlýsing: Gulur í hnakka og á fótum. Töluvert um gul hár í ull. Ullarmagn undir meðallagi. Tog stutt í baki, fremur gróft og slétt.


Reynsla: Durtur er nú að hefja sinn þriðja vetur á stöðvunum. Hann fékk ágæta notkun síðasta vetur og staðfesti rækilega að hann er feikilega öflugur kynbótahrútur þegar kemur að skrokk-gæðum. Bakvöðvabykkt sona hans er vel yfir meðaltali sona hyrndu stöðvahrútanna og þeir stigast jafnframt yfir meðaltali fyrir alla þætti nema ull. Síðustu tvö haust hafa margir álitlegir ásetningshrútar komið fram við skoðun afkvæma hans. Í fyrirbyggjandi sláturupplýsingum frá þessu hausti eru upplýsingar um 680 lömb undan Durti. Þar kemur endurtekið fram að afkvæmi hans virðast jafnvel enn betri en lífðómar gefa til kynna því 74% lambanna flokkast í E og U, þar af um 24% í E. Meðalfallþungi þeirra var 18,4 kg og fita 7,1. Enginn stöðvahrútur átti svo hátt hlutfall sláturlamba í E-flokk í næstur kemur Glæpon sonur Durts. Meiri reynsla er nú komin á dætur Durts. BLUP-kynbótamat fyrir frjósemi hefur lítilega lækkað milli ára en stór hópur veturgamalla dætra sýndi frjósemi um meðaltal vorið 2019. Dætur Durts á Hesti hafa mjólkað lömbum sínum vel líkt og kynbótamat fyrir mjólkurlagni gefur til kynna og hefur það hækkað frá fyrra ári. Haustuppgjör 2019 mun svo varpa enn betra ljósi á hvar hann stendur fyrir þann eiginleika.

Litaerfðir: Durtur er arfblendinn hvítur en erfir hvorki mórauðan lit né tvílít.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stígun: 2016-44-110-31/3,5/4,5-8,0-9,0-8,5-9,0-9,0-18,0-8,0-8,0-8,5=86,0 stig

Lambhrútaskoðun	2018	2019
Fjöldi	80	250
Þungi	48,7	47,8
Fótleggur	108	109
Læri	17,8	17,9
Ull	7,8	7,8
Ómvöðvi	31,1	31,5
Ómfita	3,4	3,4
Lögun	4,3	4,3



17-808 DRJÚGUR

frá Hesti, Borgarfirði.



FMF: Garri 11-908; FMMF: Snævar 10-875; MMFF: Raftur 05-966



17-808

Lýsing: Hvítur fremur krapphyrndur með vanin horn og stuttan og þróttlegan haus. Herðabreiður með sívalan brjóstakassa. Holdfylling í baki nokkuð góð. Malir eru örlítið afturdregnar en holdfylltar og lærahold prýðileg. Fremur bollangur og jafnvaxinn hrútur sem samsvarar sér vel.

Ullarlýsing: Ljósugulur í hnakka, dindli og á fótum. Gul hár finnst í reyfi en ekki áberandi. Ullarmagn fremur mikið, þelið mikið og þykkt. Togið meðalfint en fremur stutt í baki.


Reynsla: Drjúgur 17-808 er að hefja sitt annað ár á sæðingastöð. Hann fékk góðar viðtökur hjá bændum á sínu fyrsta ári á stöð og af sæðingahrútnum átti hann langstærstan hóp dæmdra lambhrúta í haust. Synir hans voru vænir en þykkt bakvöðvans á þeim var undir meðallagi sona hyrndu stöðvahrútanna þó bakvöðvi sona Drjúgs mældist 30,3 mm að meðaltali. Stígun Drjúgssona var um meðaltal fyrir alla þætti og margir efnilegir ásetningshrútar komu þar fram. Í fyrirbyggjandi sláturupplýsingum frá haustinu má finna um 820 afkvæmi Drjúgs og fara 62% þeirra í gerðarflokka E og U. Vinsældir Drjúgs skýrast væntanlega einnig af því að hann er lofandi sem öflugur ærfaðir og þar með úrvals alhlíðahrútur. Tíu veturgamlar dætur Drjúgs á Hesti áttu 1,6 lömb að meðaltali nú í vor en gemlingarnir á búinu báru að meðaltali 1,5 lömbum.

Litaerfðir: Drjúgur er arfhreinn hvítur, gefur hreinhvít.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stígun: 2017-44-105-32/2,1/3,5-8,0-9,0-9,0-8,5-8,5-18,0-7,5-8,0-9,0=85,5 stig

Lambhrútaskoðun	2019
Fjöldi	334
Þungi	48,5
Fótleggur	108
Læri	17,8
Ull	7,9
Ómvöðvi	30,3
Ómfita	3,0
Lögun	4,2



17-831

AMOR

frá Snartarstöðum, Núpasveit.

NÝR

BÖRKUR 13-952 frá Efri-Fitjum

13-041

BIRKIR 10-893 ~ 08-008

KORNI 10-520 ~ 11-042

frá Bjarnastöðum

frá Þverá

FMF: ÞRÁÐUR 06-996; MFFF: RAFTUR 05-966;
MMFF: KVEIKUR 05-965; MMMF: LUNDI 03-945



17-831

Lýsing: Hvítur, fínhyrndur, örlítið hár um herðar. Útlögur góðar. Holdfylling góð á baki og mölum. Lærahöldin frábær. Amor samsvarar sér vel og er myndarlegur hrútur að allri gerð.

Ullarlýsing: Svartdröfnóttur á haus. Örlítið gult í hnakka en fannst ekki í reyfi. Ullarmagn í meðallagi. Reyfið jafnt og togið meðalfint.

Reynsla: Amor 17-831 bættist við hrútaflota sæðingastöðvanna haustið 2019. Hann var í hópi þriggja bekra sem valdir voru að aflokinni afkvæmarannsókn fyrir úrvalshrúta í Norður-Þingeyjarsýslu, sem haldin var á Snartarstöðum. Amor sýndi sig að vera frábær lambafaðir haustið 2018 og glæsileg afkvæmi hans vöktu athygli, m.a. á lambhrútasýningunni á Hrutadeginum á Raufarhöfn. Í afkvæmarannsókninni stóð Amor uppi sem sigurvegari þó mjótt væri á munum milli efstu hrúta með tilliti til holdfyllingarmats sláturlamba. Í afkvæmahópi Amors var mikið af álitlegum hrútsefnum og var lífgimbrahópurinn undan honum glæsilegur en hann stóð afgerandi efstur fyrir lífgimbrahluta rannsóknarinnar. Meðalfallþungi afkvæma Amors var 20,2 kg, einkunn fyrir gerð var 11,6 og einkunn fyrir fitu 7,9. Meðalfallþungi í afkvæmarannsókninni var 19,7 kg, einkunn fyrir gerð 11,3 og einkunn fyrir fitu 8,2.

Kynbótamat Amors fyrir dætraeiginleika gefur fyrirheit um að hann verði góður ærfaðir.

Lítill dætrareynsla liggur fyrir en 5 dætur Amors voru gerðar upp í haustþppgjöri 2019.

Frjósemi dætranna reyndist ríflega í meðllagi en afurðastig þeirra voru breytileg og að jafnaði undir búsméðaltali. Feikna stór hópur dætra var settur á undan Amori í haust, bæði heima á Snartarstöðum og víðar. Skammt er því að biða að myndin skýrist af afurðaeiginleikum þeirra.

Móðir Amors, 13-041, lét tveim lömbum veturgömul, síðan hefur hún verið ýmist tvílembd eða þrílembd. Hún er prýðis mjólkurær með 5,5 afurðastig..

Litaerföir: Amor er arfhreinn hvítur.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2017-46-110-32/1,6/5,0-8,0-9,0-9,0-9,0-9,5-18,0-8,0-8,0-8,5=87,0 stig

EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						122
Fita						110
Skrokkgæði (97%)						116
Frjósemi (71%)						107
Mjólkurlagni (69%)						107
Heildareinkunn						110

18-834

RAMMI

frá Hesti, Borgarfirði.

NÝR

TRAUSTUR 17-788

SKOTTA 17-355

STYRKUR 16-770 ~16-207

DÍMON 16-993 ~ RÓFA 11-324

FFF: KRAFTUR 11-947; FMF: HROKI 15-969; MFF: KÖLSKI 10-920; MMF: GRÁBOTNI 06-833, MM: RÓFA 11-324 EINNIG FM: DURTS 06-994



18-834

Lýsing: Hvítur, fremur krapphyrndur með stuttan þröttlegan haus og holdfylltar og breiðar herðar. Bolurinn ákaflega sívalur. Bakið holdgróið. Malir; langar, breiðar og kúptar. Lærvöðvi ákaflega vel lagaður og fyllir vel í krikann. Rammi er samanrekinn holdahnaus.

Ullarlýsing: Gulur í hnakka og á fótum. Töluvert gult í reyfi aftan til. Ullarmagn í góðu meðallagi. Togið jafnt og fremur gróft, þelið þykkt og mikið.

Reynsla: Rammi 18-834 var annar tveggja hrúta sem fengnir voru á stöð eftir að niðurstöður afkvæmarannsóknar að Hesti lágu fyrir í haust. Vænleiki sona hans var dálítið yfir meðaltali rannsóknarinnar. Þeir stiguðust næstbest af hópunum fyrir frampart en brjóstklassinn var mjög víður og vel lagaður hjá þessum hrútum. Þeir mældust með næstþykkastan bakvöðva og lögun hans var sú besta. Meðalfallþungi tvílembingshrúta undan Ramma var 17,9 kg, einkunn fyrir gerð 10,8 og fyrir fitu 5,6. Meðalfallþungi tvílembingshrúta í rannsókninni var 17,7 kg, einkunn fyrir gerð 10,2 og fyrir fitu 5,2.

Þar sem Rammi er aðeins veturgamall er engin reynsla fengin á dætur hans. BLUP-kynbótamat hans fyrir eiginleika dætra, sem byggir á ætterni gefur góðar væntingar um bæði frjósemi og mjólkurlagni dætra.

Móðir Ramma, Skotta 17-355 var tvílembd gemlingur en Rammi var vaninn undir annan gemling. Skotta fékk 8,4 afurðastig fyrir gemlingsárið og var síðan tvílembd sl. vor.

Litaerföir: Rammi er arfblendinn fyrir dökkum lit og undan honum fæddist eitt mórattu lamb í vor sem gefur vonir um að hann geti gefið alla grunnliti en væntanlega ekki tvílit. Frekari notkun mun skera úr um það.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2018-52-104-35/2,9/4,5-8,0-9,0-9,0-9,5-9,0-18,0-7,5-8,0-8,5=86,5 stig

EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						126
Fita						102
Skrokkgæði (90%)						114
Frjósemi (62%)						103
Mjólkurlagni (62%)						107
Heildareinkunn						108

Aðild að Bændasamtökunum borgar sig

Sauðfjárþændur hafa margvíslegan ávinning af því að vera félagar í Bændasamtökum Íslands.

Hér eru dæmi um ávinning Jóns og Gunnu sem reka sauðfjárþú með um 500 fjár og 45 ha ræktun. Velta búans er um 10-12 milljónir króna og félagsgjald til BÍ árið 2019 er 54.000 krónur fyrir tvo.

Afslættir á forritum

	Utan BÍ	Félagsmaður BÍ
Fjárnvís	26.455 kr	18.518 kr
Jörð	21.385 kr	14.970 kr
dkBúbót	96.984 kr	67.884 kr
	144.824 kr	101.372 kr

Ávinningur:
43.452 kr.

Námskeiðsstyrkir úr Starfsmenntasjóði

Jón sækir tveggja daga námskeið í vinnuvernd og vinnuvélaréttindum sem kostar 44.000 kr. og fær 33.000 kr. í námskeiðsstyrk. Hann þarf að aka 300 km til að sækja námskeiðið og fær 7.000 kr. í ferðastyrk úr Starfsmenntasjóði.

Ávinningur:
40.000 kr.

Gunna er að skoða kosti þess að fara í lífræna ræktun og sækir fagnámskeið til Danmörku. Hún fær 33.000 króna styrk upp í námskeiðsgjaldið sem er 60.000 kr. Auk þess fær hún greiddan ferðakostnað að upphæð 25.000 kr.

Ávinningur:
58.000 kr.

Sérkjör á hótलगistingu

Jón og Gunna ákveða að skella sér á árshátíð sauðfjárþænda og gista á Hótel Sögu. Þau nýta sér sérkjör félagsmanna í BÍ og greiða 15.900 kr. fyrir tveggja manna herbergi með morgunverði í stað þessa að greiða að lágmarki 25.900 kr.

Ávinningur:
10.000 kr.

Lögfræðipjónusta

Hjónin hafa nýtt sér ráðgjöf lögfræðings BÍ varðandi lögfræðilegt álitamál sem snertir búíð. Þau greiða 25.000 krónur fyrir þriggja tíma lögfræðiráðgjöf. Algengt verð lögfræðinga á stofu fyrir slíka þjónustu er 93.000 krónur.

Ávinningur:
68.000 kr.

Félagsmenn geta sótt um stuðning í Velferðarsjóð BÍ vegna áfalla og leigt íbúð á höfuðborgarsvæðinu á góðum kjörum.

Með aðild að BÍ styðja þændur við bakið á öflugri hagsmunagæslu og efla kynningarstarf samtakanna.

Fyrir okkur öll



BÆNDASAMTÖK
ÍSLANDS



Fylgstu með bændum á
Baendasamtok

Sími 563-0300
Netfang bondi@bondi.is
www.bondi.is

13-811 JÖKULL

Heydalsá (Ragnari og Sigríði), Steingrímsfirði.
(Keyptur frá Hríshóli 2, Reykhólasveit.)



13-811

Lýsing: Hreinhvítur kollóttur með brúsk í enni og svartar doppur á eyrum. Hausinn friður og þróttlegur. Bolur sívalur og mala- og lærahold allgóð. Proskamikill og langvaxinn myndargripur.

Ullarlýsing: Hreinhvítur en ein gul doppa í hnacka. Togið stutt og fingert en mikið og þykkt þel. Ullin mikil, mjúk og góð.

Reynsla: Jökull 13-811 kom á sæðingastöð sumarið 2018 og er því að hefja sinn annan vetur á stöð. Val hans byggðist á góðri reynslu af honum sem alhliða kynbótahrúttur á heimabúi og var sérstaklega horft til þess hve álitlegur ærfaðir hann er. Hann fékk takmarkaða notkun síðasta vetur en við skoðun hrútlamba í haust liggja meðaltöl afkvæma Jökuls á meðaltali afkvæma kollóttu hrútanna. Hann gefur proskamikil lömb með jafna gerð en keppir ekki við bestu hrúta hvað holdfyllingu afkvæma snertir.

Upplýsingar um dætur Jökuls gefa vísbendingar um að hann verði ágætur ærfaðir líkt og BLUP-kynbótamat fyrir frjósemi og mjólkurlagni gefur til kynna.

Litaerföir: Jökull er arfhreinn hvítur – gefur hreinhvitt

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ)

Lambhrútaskoðun	2019
Fjöldi	30
Þungi	51,3
Fótleggur	110
Læri	17,7
Ull	8,2
Ómvöðvi	30,3
Ómfita	3,2
Lögun	4,2

	EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð			■				102
Fita			■				106
Skrokkgæði (98%)			■				104
Frjósemi (89%)			■				103
Mjólkurlagni (88%)			■				108
Heildareinkunn			■				105

Mál og stígun: 2013-51-109-28/3,9/3,5-8,0-8,5-8,5-8,5-9,0-18,0-9,0-8,0-8,5=86,0 stígun

13-982 MÓRI

frá Bæ 1, Árneshreppi. (Keyptur frá Steinstúni, Árneshreppi.)



13-982

Lýsing: Mórauður, kollóttur. Frampartur sívalur og ágætlega holdfylltur. Holdfylling í baki, mölum og lærum góð. Föngulegur og jafnvaxinn hrútur. Mjög spakur og geðgóður hrútur í allri umgengni

Ullarlýsing: Mórauður með hvítan blett í hálsi. Mórauði liturinn jafn, aðeins um grá hár í lærum. Ullarmagn í meðallagi. Ullin togmikil. Togið langt, mikið og fingert.

Reynsla: Móri 13-982 er að hefja sinn þriðja vetur á sæðingastöð. Hann hefur fengið talsverða notkun síðustu tvo vetur. Einkenni afkvæma hans eru mikill þroski og vænleiki en sum þeirra eru óþarflega háfætt. Synir hans hafa dæmst vel og þau lömb sem fara í sláturhús flokkast vel, en Móri blandar sér þó ekki í baráttuna meðal stöðvahrúta, um efstu sæti fyrir gerð afkvæma.

Við val hans á sæðingastöð var ekki síður horft á hann sem álitlegan ærföður. Það er hann líka, en dætur hans um allt land voru 2019 sýndu mikla frjósemi og hækkaði BLUP-kynbótmat hans fyrir þann eiginleika verulega í síðasta útreikningi. Hann statar nú af hæsta kynbótamati allra stöðvahrúta fyrir þann eiginleika. Dætur hans hafa einnig sýnt að þær eru góðar mjólkuræur og hafði 31 dóttir hans 5,3 afurðastig að jafnaði haustið 2018.

Móri er því mjög öflugur alhliða kynbótahrútur.

Litaerföir: Móri er mórauður, gefur alla grunnliti, leyfi móðurætt það – gefur tvílit og hreinhvitt.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stígun: 2013-42-110-28/2,8/3,5-8,0-8,0-8,0-8,5-8,5-17,0-7,5-8,0-8,0=81,5 stígun

Lambhrútaskoðun	2018	2019
Fjöldi	127	53
Þungi	51,0	50,9
Fótleggur	112	112
Læri	17,6	17,8
Ull	7,9	8,1
Ómvöðvi	30,4	30,4
Ómfita	3,1	3,1
Lögun	4,0	4,2

	EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð			■				105
Fita			■				108
Skrokkgæði (100%)			■				107
Frjósemi (93%)			■				126
Mjólkurlagni (91%)			■				113
Heildareinkunn			■				115

DRÁTTARBEISLI Á FLESTAR GERÐIR BÍLA



VÖRULYFTUR Á SENDI- OG FLUTTNINGABÍLA



REIÐHJÓLAGRINDUR OG FARANGURSBOX



LJÓS Á VAGNA OG BÍLA



ALLAR GERÐIR AF KERRUM



VARAHLUTIR Í ALLAR GERÐIR AF KERRUM



SÉRSMÍÐI Á KERRUM EFTIR ÓSKUM VIÐSKIPAVINA



STYRKUR, ÞJÓNUSTA OG ÁREIÐANLEIKI

Víkurvagnar ehf. - Hyrjarhöfði 8. - 110 Reykjavík -

Sími 577-1090 - www.vikurvagnar.is - sala@vikurvagnar.is

14-972 FANNAR

frá Heydalsá (Ragnari og Sigríði), Steingrímsfirði.



Lýsing: Hvítur, kollóttur með sterklegan haus. Herðar breiðar og mjög vel holdfylltar. Bringa breið og útlögur miklar. Góð bakhold. Malir mjög vel holdfylltar. Góð holdfylling í lærum – fyllir vel í krikann. Bollöng og glæsileg kind.

Ullarlýsing: Hreinhvítur. Ullarmikill. Tog hrokkið, fremur jafnt en gróft. Reyfið er þykkt, þel mikið og jafnt.

Reynsla: Fannar 14-972 er að hefja sinn fjórða vetur á sæðingastöð. Hann fékk mikla notkun fyrsta árið sitt en minni notkun síðustu tvö ár sem orsakaðist líklega af því að hann keppir ekki við bestu kollóttu hrútana hvað gerð afkvæma snertir. Hann er engu að síður öflugur lambafaðir, meðalþykkt bakvöðva afkvæma hans hefur alltaf verið yfir meðaltali hjá kollóttu sæðishrútnum og helstu einkenni afkvæma hans eru mikill þroski og glæsilegir einstaklingar á að horfa.

Fannar hefur styrkt stöðu sína mikið sem ærfaðir. BLUP-kynbótamat fyrir frjósemi hefur hækkað um 6 stig frá fyrra ári og fyrir mjólkurlagni hefur það hækkað um 4 stig. Fáir hrútar bæta kynbótamat sitt þetta mikið eftir að þeir koma á sæðingastöð en dætur Fannars hafa sýnt að þær eru bæði frjósamar og úrvælgðar mjólkuræ. Sú staðreynd mælir verulega með aukinni notkun hans, sérstaklega ef bændur vilja bæta afurðasemi ána í hjörð sinni.

Litaerfðir: Fannar er arfhreinn hvítur – gefur hreinhvítt.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2014-49-108-31/3,5/4,0-8,0-8,5-8,5-9,0-9,0-18,0-8,5-8,0-9,0=86,5 stig

Lambhrútaskoðun	2017	2018	2019
Fjöldi	106	45	25
Þungi	50,2	51,3	47,8
Fótleggur	110	109	109
Læri	17,6	17,7	17,5
Ull	8,3	8,4	8,4
Ómvöðvi	30,5	30,3	30,4
Ómfita	3,6	3,6	3,5
Lögun	4,0	3,9	4,1

EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð		■				104
Fita		■				104
Skrokkgæði (100%)		■				104
Frjósemi (96%)		■				107
Mjólkurlagni (95%)		■				115
Heildareinkunn		■				109

15-818 BAUKUR

frá Hrappsstöðum, Laxárdal.



NÝR



Lýsing: Hvítur, kollóttur með þröttlegan haus. Hálsinn stuttur og sver, herðar breiðar og holdfylltar og bolur sívalur. Bakið breitt og malir ágætlega fylltar en ögn afturdregnar. Lærahold frábær, lærvöðvi mjög kúptur, þykkur og lokar klofi vel. Bollangur hrútur og samsvarar sér vel.

Ullarlýsing: Svartdröfnóttur á eyrum og haus. Tvær svartar doppur á herðum. Fölgulur á haus, hnakka og fótum. Ullarlítil. Togið stutt en mjög fingert.

Reynsla: Baukur 15-818 var valinn á sæðingastöð sumarið 2019 vegna góðrar reynslu af honum sem lambaföður. Hann vakti fyrst athygli á héraðssýningu lambhrúta í Dalasýslu haustið 2015 en þá stóð hann efstur í flokki kollóttu hrúta. Hann kemur úr lítilli hjörð á Hrappsstöðum en notkun hans hefur mest verið á Svarfhóli í Laxárdal öll árin. Foreldrar Bauks koma báðir úr Strandasýslu en faðir hans faðir hans er úr ræktun Jóns og Ernu í Broddanesi I, til heimils að Hornstöðum í Laxárdal og móðir hans úr ræktun Guðjóns á Heydalsá.

Í afkvæmarannsókn á Svarfhóli núna í haust var fallþungi afkvæma Bauks 17,5 kg, einkunn fyrir gerð 10,3 og einkunn fyrir fitu 7,1. Meðaltal rannsóknarinnar var 17,6 kg fallþungi, einkunn fyrir gerð 10,0 og einkunn fyrir fitu 6,8. Baukur hefur skilað sambærilegum niðurstöðum öll árin. Fyrstu upplýsingar um dætur lofa einnig góðu fyrir hann sem ærföður en 30 dætur hans sýndu frjósemi á meðaltali árið 2018 og höfðu að jafnaði 5,3 afurðastig þá um haustið.

Litaerfðir: Baukur er arfblendinn í A-sæti, gefur alla grunnliti, leyfi móðurætt það, gefur tvílitt og hreinhvítt.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2015-54-109-30/4,1/4,5-8,0-8,5-9,0-8,5-9,0-18,5-8,0-8,0-9,0=86,5 stig

EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð		■				114
Fita		■				101
Skrokkgæði (98%)		■				108
Frjósemi (89%)		■				101
Mjólkurlagni (88%)		■				103
Heildareinkunn		■				104

15-983 KOLLUR

frá Árbæ, Reykhólasveit. (Keyptur frá Kambi, Reykhólasveit.)



15-983

Lýsing: Hvítur, kollóttur með stuttan en sveran haus. Frampartur breiður; áberandi sívalur og útlögur góðar. Malir mjög breiðar og átaksgóðar; lærahold frábær. Fótstaða góð. Glæsilegur hrútur, fasmikill og frisklegur.

Ullarlýsing: Hreinhvítur, mjög ullarmikill með jafnt þel. Tog nokkuð mikið, gróft og hrokkíð.

Reynsla: Kollur 15-983 er nú að hefja sinn þriðja vetur á sæðingastöð. Hann hefur fengið góða notkun síðustu tvo vetur og stórir hópar sona hans komið til skoðunar síðustu tvö haust. Kollur er frábær lambafaðir en synir hans eru þroskamiklir og ákaflega holdþéttir einstaklingar. Þeir eiga það sameiginlegt með sonum Ebita 13-971 að hafa flest heildarstig af afkvæmahópum kollóttu hrúta í haust eða 85,5 stig að jafnaði.


Enn er talsverð óvissa um Koll sem ærföður, BLUP-kynbótamat hans fyrir frjósemi hefur hækkað um eitt stig frá fyrra ári en fyrsti stóri dætrahópurinn tilkominn við sæðingar sýndi frjósemi um meðaltal í vor. Fyrir mjólkurlagni hefur kynbótamatið lækkað lítillega en 12 dætur hans höfðu 4,5 afurðastig að jafnaði haustið 2018. Haustuppgjör 2019 mun varpa betra ljósi á hvar Kollur stendur í tengslum við þann eiginleika.

Litaerfðir: Kollur er arfblendinn hvítur og erfir tvílit – gefur hreinhvítt.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2015-54-111-30/3,7/5,0-8,0-8,5-8,5-9,5-9,0-18,0-9,0-8,0-9,0=87,5 stig

Lambhrútaskoðun	2018	2019
Fjöldi	149	85
Þungi	50,5	49,3
Fótleggur	110	110
Læri	17,8	17,9
Ull	8,4	8,4
Ómvöðvi	30,1	30,1
Ómfita	3,3	3,2
Lögur	4,1	4,2



17-813 DÚLLI

frá Miðdalsgröf, Steingrímsfirði.



17-813

Lýsing: Hreinhvítur kollóttur með stuttan og fríðan haus og geysilega breiðar og holdfylltar herðar og miklar útlögur. Bakíð breitt og holdfyllt. Malir feikilega breiðar og holdgrónar og lærahold frábær. Glæsilegur holdahnykill.

Ullarlýsing: Hreinhvítur og mjög ullarmikill. Togíð nokkuð langt, í grófaru lagi á síðum en styttra og mýkra í baki og á herðum. Þelið mikið og þykkt.

Reynsla: Dúlli 17-813 kom á sæðingastöð haustið 2018 að lokinni afkvæmarannsókn fyrir úrvalshrúta í Strandasýslu, sem þá var í Miðdalsgröf. Í þeirri rannsókn átti Dúlli þyngsta og best gerða sláturlambahópin og synir hans skórtuðu hæsta meðaltali stiga fyrir læri. Hinsvegar var bakvöðvi afkvæmanna aðeins um meðallag. Dúlli fékk mikla notkun síðasta vetur og komu ríflega 100 synir hans til skoðunar í haust. Í þeim hópi var talsvert af góðum hrútefnum sem erft hafa glæsileik föður síns. Líkt og afkvæmarannsóknin gaf skoðun lambhrútanna til kynna að Dúlli gefur breytilegan bakvöðva en styrkleiki afkvæmanna liggur fremur í góðum þroska og öflugum læraholdum. Benda má á, að sé horft til kjótmats afkvæma sæðingahrútanna í haust, vekur athygli að þar á Dúlli hæst hlutfall E skrokka af kollóttu hrútunum, 15,5%.


Kynbótamat Dúlla fyrir dætraeiginleika breytist aðeins á milli ára. Í vor báru fyrstu dætur hans heima í Miðdalsgröf. Þær voru frjósamar en 7 dætur áttu 1,3 lömb að jafnaði sem er nokkuð yfir búsméðaltali. BLUP-kynbótamat Dúlla fyrir frjósemi hefur stigið milli ára. Mat fyrir mjólkurlagni er enn eingöngu byggt á ætternismati en dætur hans höfðu að jafnaði 5,0 afurðastig nú í haust.

Litaerfðir: Dúlli er arfblendinn í A-sæti með erfðavísi fyrir mórâuðum lit og tvílit – gefur hreinhvítt.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2017-50-110-31/3,6/3,0-8,0-8,5-9,0-9,0-18,5-8,5-8,0-8,5=87,0 stig

Lambhrútaskoðun	2019
Fjöldi	102
Þungi	49,5
Fótleggur	110
Læri	17,8
Ull	8,4
Ómvöðvi	29,3
Ómfita	3,1
Lögur	4,1



17-821 FÁLKI

frá Bassastöðum, Steingrímsfirði.

NYR



17-821



Lýsing: Hvítur, kollóttur með þreklegan og fríðan haus. Herðar mjög holdfylltar, bringan breið og útlögurnar miklar. Bakið breitt. Malir óvenju breiðar, kúptar og holdfylltar. Læraholdin einstök. Glæsihrútur að allri gerð.

Ullarlýsing: Hreinhvítur, mjög ullarmikill. Reyfi þykkt og jafnt. Togið fingert, hrokkið og glansandi. Þelið þykkt og mikið. Fyrirmyndarull.

Reynsla: Fálki 17-821 var valinn til notkunar á sæðingastöð haustið 2019 að aflokinni afkvæmarannsókn fyrir úrvalshrúta í Strandasýslu, sem fram fór á Melum í Árneshreppi. Fálki hafði vakið athygli fyrir fádæma góða útkomu sem lambafaðir heima á Bassastöðum. Í afkvæmarannsókninni stóð hann undir væntingum og skilaði frábærum skrokkgæðum til afkvæma sinna. Hann sýndi talsverða yfirburði í skoðun á lifandi lömbum en styrkleiki hans liggur ekki síst í öflugum læraholdum. Fálki, ásamt Blika 16-819 áttu stærsta hlutdeild í þeim lambahópi sem tekinn var frá til lífs að lokinni skoðun. Fallþungi þeirra afkvæma Fálka sem lógað var í kjölfar skoðunar var 18,7 kg, einkunn fyrir gerð 11,6 og einkunn fyrir fitu 6,6. Meðalfallþungi í afkvæmarannsókninni var 18,9 kg, einkunn fyrir gerð 10,9 og einkunn fyrir fitu 6,6. Öll lömb sem slátrað var undan Fálka í haust fóru í holdfyllingarflokkka E eða U.

Lítill reynsla er komin á Fálka sem ærföður. Fyrstu dætur hans báru í vor veturgamlar og þrjár af 8 voru geldar. Í kjölfarið lækkaði kynbótamat hans fyrir frjósemi. Betri mynd mun fást á frjósemi dætra hans næsta vor. Samkvæmt kynbótamatinu eru dæturnar líklegar til að mjólka vel en ekki liggja fyrir tölur um afurðir þeirra.

Móðir Fálka, 16-272, var einlembd veturgömul og tveggja vetra en tvílembd í vor; þriggja vetra gömul. Hún er með 6,2 afurðastig.

Litaerföir: Fálki er arfhreinn hvítur – gefur hreinhvitt.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2017-53-107-31/5,6/4,0-8,0-8,5-9,5-9,0-9,5-19,0-8,5-8,0-8,5=88,5 stig

EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						128
Fita						110
Skrokkgæði (95%)						119
Frjósemi (66%)						92
Mjólklagni (63%)						104
Heildareinkunn						105

Búðu þig vel undir hauststörfin



Olafur Eggertsson
Þorvaldseyri



Stöm, létt, endingargöð



Dunlop purof professional stígvél

Vnr. 9655 D460933

Stígvél sem henta við garðyrkju og landbúnað þar sem ekki er krafist öryggisstígvéla.



Vertu sýnilegur í vetur



K2 kuldagalli EN471 CL.3

Vnr. 9616 K2 2009

Vattfóðraður kuldagalli með rennilás á skálmum.



Dimex úlpa

Vnr. 9609 6691

Vattfóðruð úlpa með stroffi að neðan og góðum vösum.



Mobil delvac MX 15W-40 20l

Vnr. 3020 150775

Minerölsk olía fyrir vélar í flutningabílum og vinnuvélum.

Mobilfluid 426 20l

Vnr. 706 472120

Drif- og vökvakerfisolía fyrir traktora og vinnuvélar.



Rafgeymir 180ah 1000a

Vnr. 581 68032

Rafgeymir fyrir þá sem stoppa aldrei. Super Heavy Duty. 514x223x220 v+

Verslanir N1 um land allt


Akureyri s. 440 1420 • Höfn s. 478 1940 • Ísafjörður s. 456 3574 • Húsavík s. 440 1448
Klettagarðar s. 440 1330 • Ólafsvík s. 436 1581 • Patreksfjörður s. 456 1245
Reyðarfjörður s. 474 1293 • Reykjanesbær s. 421 4980 • Vestmannaeyjar s. 481 1127

Alltaf til staðar

N1

16-817
LJÚFUR

frá Melhól, Meðallandi.



Lýsing: Ljúfur er dökkgrár, kollóttur með þröttlegan og svipfríðan haus. Hann er háfættur (130 mm), langvaxinn og hraustlegur en holdfylling hans og bygging minna á löngu liðna tíð hjá íslensku sauðfé, miðað við það sem algengast er að sjá í dag. Ljúfur er líkt og nafnið gefur til kynna mjög gæfur og rólegur hrútur.

Ullarlýsing: Ljúfur er dökkgrár, liturinn nokkuð jafn en þó ljósari við bóga. Togið er fínt, langt, hrokkið og mjög góður gljái á því. Þelið lítið eins og telst til kosta hjá feldfjárrúti. Ljúfur hefur mjög góða feldeiginleika og var eingöngu valinn á stöð þeirra vegna.

Reynsla: Ljúfur 16-817 var tekinn á stöð nú í haust til áframhaldandi viðhalds og dreifingar á feldeiginleikum. Við ræktun feldfjár er lagt mat á sjö eiginleika er varða feldinn. Þeir eru: Hreinleiki litar, dreifing lokkunar, gerð og styrkleiki lokks, gljái hára, háragæði (fint tog en sem minnst þel), gæði toghára og þéttleiki felds. Best er að nota hreinlitar gráar eða svartar ær til að hefja þessa ræktun og kostur er að ull þeirra sé þellitil og tugið fingert. Ullar- og gærueiginleika er tiltölulega auðvelt að vinna með í kynbótum þar sem arfgengi þeirra eiginleika er hátt. Rétt er að taka fram að þessi sérstöku ullar- og feldgæði koma ekki fram nema að takmörkuðu leyti í fyrstu kynslóð innblöndunar. Lobbi 09-939 er föðurfaðir Ljúfs svo það hentar síður að nota Ljúf á Lobbadætur vegna skyldleikans. Ljúfur er fjarskyldari Mel 12-978 en óskyldur Gráfeldi 08-894. Enginn reynsla er komin á Ljúf sem ærfður þar sem hann var ekki notaður fyrr en á öðrum vetri og flestar veturgamlar ær hafðar geldar á Melhól.

Móðir Ljúfs, 09-012 var höfð geld gemlingur var síðan fjórum sinnum tvílembd, tvisvar einlembd og loks geld síðasta árið 8 vetra gömul. Hún var með 6,2 afurðastig fyrir sex afurðarár.

Litaerfðir: Ljúfur er arfblendinn grár og gefur því bæði grátt og svart. Hann erfir hvorki mórauðan lit né tvílit.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).



FORYSTUFÉ

17-816
TORFI

frá Gróustöðum, Gilsfirði.



Lýsing: Torfi er mógolsóttur, fínhyrndur og ber vaxtarlag sem einkennir gott og eiginlegt forystufé. Yfirbragð hans og hátterni sámir í hvívetna slíku fé og byggir val hans, á sæðingastöð til viðhalds og viðgangs íslensks forystufjár, á þeim eiginleikum og kostum sem hann virðist búa yfir. Hegðunarmynstur hans ber þau fágætu einkenni forystufjár sem vænta má, en það mun hvergi þekkt í heiminum nema hérlendis. Eðli þess, að fara fyrir fjárhóp, má vel greina í háttalagi Torfa en á veðurgleggni hans hefur lítið reynt enda heyrir vetrarheit að mestu eða öllu leyti sögunni til. Til þess verður líka að taka að Torfi er ungur að árum en vökult blik augna hans yljár án efa áhugamönnum um ræktun forystufjár um hjartarætur. Torfi er ákaflega athuggull, vel vakandi og ljúfur hrútur í allri umgengni.

Torfi kemur úr forystufjarræktuninni á Gróustöðum í Gilsfirði en sú ræktun byggir að stórum hluta á forystufé sem Halldór Gunnarsson átti og ræktaði meðan hann bjó á Gilsfjarðarmúla en hans fé var að hluta ættað frá Haraldi Jónssyni á Hólmavík. Golsi 09-916 kom úr sömu ræktun og er FME Torfa. Að öðru leyti er hann fjarskyldur þeim forystubekrum sem gengið hafa um gólf sæðingastöðvanna undanfarin ár. Í fjórða ættlið kemur þó fyrir Ári 91-969 sem hafði vetursetu á sæðingastöð fyrir 25 árum og kom frá Syðri-Brekum á Langanesi.

Litaerfðir: Undan Torfa geta komið allir litir leyfi móðurætt slíkt.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

AFKVÆMA- RANNSÓKNIR VEGNA SÆÐINGA- STÖÐVANNA 2019



Hér verður gefið örstutt yfirlit yfir þær afkvæmarannsóknir sem gerðar voru á síðasta ári vegna prófunar á úrvalshrútum fyrir sæðingastöðvarnar. Um þá hrúta sem valdir voru fyrir stöðvarnar er fjallað nánar hér í skránni en síðan verða heildarniðurstöður þessara rannsókna aðgengilegar á heimasíðu RML. Afkvæmarannsóknirnar eru mikilvægur liður í því að gera val á góðum lambafeðrum fyrir stöðvarnar sem öruggast. Þakkir eru færðar öllum þeim sem komu að þessum afkvæmarannsóknum og lánuðu gripi sína til prófunar.

HESTUR, BORGARFIRÐI

Á fjárræktarvúinu Hesti hafa lambhrútar verið afkvæmaprófaðir með skipulögðum hætti í áratugi. Í gegnum þessar rannsóknir hafa fjölmargir kjörgripir fyrir ræktunarstarfið fengist á sæðingastöðvarnar. Þá hafa afkvæmarannsóknirnar á Hesti einnig nýst til að prófa spennandi hrúta úr nágrenninu. Haustið 2019 voru 11 hrútar í samanburði á Hesti, að þessu sinni allir heimahrútar. Um mælingar og stigun lamba sá Eyjólfur Kristinn Örnólfsson. Mælingar fóru fram um miðjan september en slátrun úr afkvæmarannsókninni þann 27. september. Tveir hrútar voru falaðir fyrir stöðvarnar úr þessari rannsókn, þeir Kofi 18-833 og Rammi 18-834.

HOFSTADIR, SNÆFELLSNESI

Á Hofstöðum voru 8 hrútar í samanburði. Aðkomuhrútar voru Hermill 15-098 frá Mávahlíð, Svanur 17-001 frá Mávahlíð og Jökull 17-202 frá Bergi. Hermill var fenginn frá Arnari Ásbjörnssyni en sá hrútur hafði verið staðsettur á Bláfeldi og síðar á Gaul. Efstur í rannsókninni stóð Hermill en í ljósi þess að kynbótamat hans fyrir dætraeiginleika hefur ekki þróast með nægilega jákvæðum hætti

var ákveðið að taka hann ekki að þessu sinni. Því var ekki falast eftir neinum hrút úr þessari rannsókn fyrir stöðvarnar. Um stigun lamba sá Eyþór Einarsson og Anton Torfi Bergsson um ómmælingar. Mælingarnar fóru fram 7. október og slátrunin í kjölfarið.

SNARTARSTAÐIR, NÚPASVEIT

Hér voru 7 hrútar í samanburði. Aðkomuhrútar voru þeir Blöndal 17-321 frá Laxárdal og Bruni 17-832 frá Sveinungsvík. Skoðun lamba fór fram 26. september og slátrun 30. september. Um dóma sá Eyþór Einarsson en ómmælingar Steinunn Anna Halldórsdóttir. Á grundvelli niðurstaðna var ákveðið að taka heimahrútana og feðgana Amor 17-831 (sem áður nefndist Böllur 17-536) og Völl 18-835 frá Snartarstöðum ásamt Bruna 17-832 frá Sveinungsvík. Blöndal entist því miður ekki aldur til að fara á sæðingastöð en þar hefði hann sómt sér vel.

MELAR, ÁRNESHREPPI

Á Melum öttu 10 kollóttir hrútar kappi. Þrjár aðkomuhrútar voru í rannsókninni, þeir Sveinn 17-124 frá Heydalsá 1 (Ragnari og Sigríði), Fálki 17-821 frá Bassastöðum og Bliki 16-819 frá Árbæ sem fenginn var frá Smáhömrum. Niðurstaðan var að velja tvo hrúta úr þessari rannsókn fyrir stöðvarnar, þá Blika og Fálka. Liflambaskoðun fór fram 23. september og slátrun daginn eftir. Dómari í rannsókninni var Eyþór Einarsson og um ómmælingar sá Sigvaldi Jónsson.

KIRKJUBÆJARKLAUSTUR Á SÍÐU

Á Kirkjubæjarklaustri II var afkvæmarannsókn gerð upp fyrir 7 hrúta. Tveir af þeim voru aðfengnir til prófunar. Þeir voru Sigmundur 16-299 frá Úthlíð og Stapi 16-829 frá Kirkjubæjarklaustri, en Stapi fór sem lambhrútur í Borgarfell og var fenginn þaðan að láni til prófunarinnar. Skoðun lamba á Kirkjubæjarklaustri fór fram þann 11. september og slátrun 13. september. Lárus G. Birgisson stigaði lömbin en um ómmælingarnar sá Guðrún Hildur Gunnarsdóttir. Niðurstaðan var að Stapi var valinn fyrir stöðvarnar.



Endurmenntun Lbhí

Sauðfjársæðingar

Í samstarfi við RML, Búnaðarsamtök Vesturlands og Búnaðarsamband Suðurlands

Námskeið fyrir sauðfjorbændur, þá sem hafa áhuga á að starfa í faginu, sem og þá sem starfa nú þegar við sauðfjársæðingar.

Kennsla: Þorsteinn Ólafsson dýralæknir.

Tími: Boðið verður upp á þrjú námskeið:

I: Þri. 26. nóv, kl. 12:00-17:00 á Egilsstöðum

II: Fim. 28. nóv, kl. 13:00-18:00 hjá Lbhí á Hesti í Borgarfirði

III: Fös. 29. nóv, kl. 13:00-18:00 á Stóra Ármóti í Arnessýslu

Verð: 21.900kr



www.lbhi.is/namskeid • endurmenntun@lbhi.is • 433 5000

BETRA FYRIR



UMHVERFIÐ

Okkur hjá Norðlenska er annt um umhverfið. Því höfum við nú tekið í notkun nýja og vistvæna pappabakka undir ferskvöru ásamt pappafilmu fyrir upphengiálegg og hamborgara.

Veldu umhverfisvænni valkost frá Norðlenska.

NÝTT



NORÐLENSKA

- VERÐI PÉR AÐ GÓÐU

Kjötmat afkvæma sæðingastöðvahrúta haustið 2019

Númer og nafn	Fjöldi	Fallþungi	Gerð	Fita	Hlutfall í E	Hlutfall í U	Hlutfall í 2
Hyrndir hrútar:							
10-920 Kölski	25	19,2	9,80	6,48	12,0%	36,0%	52,0%
11-946 Borkó	61	17,1	9,52	6,31	8,2%	34,4%	59,0%
11-947 Kraftur	196	18,4	10,14	6,76	16,8%	42,9%	43,9%
12-960 Malli	154	17,0	9,62	6,35	7,8%	40,9%	52,6%
13-953 Dreki	510	18,0	9,89	6,12	9,6%	46,3%	58,0%
13-961 Bergur	132	18,1	9,34	6,85	5,3%	38,6%	46,2%
13-962 Klettur	647	18,4	9,93	6,28	10,5%	44,5%	57,0%
13-984 Gutti	237	18,4	9,29	6,86	6,8%	32,1%	43,9%
14-986 Bergson	200	18,3	9,95	6,40	9,0%	52,0%	51,5%
14-987 Frosti	184	17,4	9,68	6,91	7,1%	46,2%	41,3%
14-988 Tvistur	451	18,2	10,43	6,42	16,6%	49,9%	54,1%
14-800 Bíldur	119	17,0	9,56	6,66	6,7%	43,7%	52,1%
14-801 Spakur	466	18,0	10,25	6,66	16,5%	44,0%	43,1%
15-990 Mávur	472	18,3	10,48	6,13	14,8%	54,2%	57,6%
15-991 Njörður	130	17,9	9,96	6,55	10,0%	46,9%	53,1%
15-992 Óðinn	252	18,2	10,56	6,82	19,4%	48,8%	40,5%
15-802 Angi	239	18,4	10,23	6,64	11,7%	52,7%	46,9%
15-803 Eiríkur	317	16,8	9,59	6,25	9,1%	38,5%	53,3%
15-804 Gunni	518	18,2	9,99	6,52	10,4%	47,1%	51,2%
15-805 Fjalldrapi	399	17,6	9,80	6,36	8,5%	46,4%	56,6%
15-806 Náli	168	18,0	9,68	6,39	7,7%	43,5%	51,8%
15-807 Raxi	79	17,3	10,32	6,82	15,2%	46,8%	39,2%
16-994 Durtur	681	18,4	10,89	7,10	23,8%	49,8%	35,2%
16-995 Fáfnir	589	17,9	10,47	6,28	14,9%	53,0%	55,7%
17-808 Drjúgur	822	18,4	10,17	6,99	12,4%	49,5%	38,7%
17-809 Glæpon	180	18,8	10,45	7,27	20,6%	41,1%	32,8%
17-810 Köggull	429	17,8	10,01	6,50	8,9%	50,3%	50,1%
Kollóttir hrútar:							
11-979 Blær	120	18,6	9,10	6,58	4,2%	32,5%	46,7%
12-970 Brúsi	132	19,5	9,84	6,55	8,3%	47,7%	39,4%
13-971 Ebiti	231	19,6	10,26	7,00	14,3%	49,8%	35,5%
13-981 Mollí	22	19,9	10,32	6,82	4,5%	68,2%	40,9%
13-982 Móri	174	18,8	9,45	6,68	7,5%	37,9%	42,5%
13-811 Jökull	94	19,3	9,66	7,15	3,2%	52,1%	35,1%
14-972 Fannar	79	18,5	9,44	6,73	5,1%	40,5%	44,3%
14-973 Plútó	67	18,8	9,93	6,82	6,0%	53,7%	44,8%
14-812 Reykur	296	18,8	9,67	7,03	5,1%	48,3%	35,5%
15-983 Kollur	229	19,3	10,15	6,96	9,2%	55,0%	38,4%
17-813 Dúlli	291	19,0	10,18	6,97	15,5%	47,4%	35,4%
17-814 Guðni	303	18,5	10,16	6,91	10,2%	53,5%	41,3%

*Gögn miðast við stöðu gagnagrunns 31. okt. 2019

Árangur sæðinga vorið 2019 eftir sæðingastöðvahrútum, ósamstilltar ær, ferkst sæði

Númer og nafn	Sæddar ær	Árangur	Fædd lömb/á
Hyrndir hrútar:			
10-920 Kölski	47	57%	1,67
11-946 Borkó	154	47%	1,58
11-947 Kraftur	342	56%	1,79
12-960 Malli	182	81%	1,90
13-953 Dreki	818	63%	1,85
13-961 Bergur	141	63%	1,80
13-962 Klettur	904	67%	1,88
13-984 Gutti	321	63%	1,80
14-800 Bíldur	166	56%	1,84
14-801 Spakur	768	68%	1,83
14-986 Bergson	394	53%	1,80
14-987 Frosti	285	66%	1,86
14-988 Tvistur	634	65%	1,84
15-802 Angi	352	66%	1,87
15-803 Eiríkur	334	73%	1,90
15-804 Gunni	602	72%	1,88
15-805 Fjalldrapi	506	72%	1,80
15-806 Náli	287	63%	1,79
15-807 Raxi	117	75%	1,81
15-990 Mávur	851	67%	1,89
15-991 Njörður	160	60%	1,70
15-992 Óðinn	323	68%	1,89
16-994 Durtur	942	69%	1,82
16-995 Fáfñir	893	67%	1,81
17-808 Drjúgur	1.128	69%	1,80
17-809 Glæpon	299	64%	1,93
17-810 Köggull	596	68%	1,86
	12.546	66%	1,84
Kollóttir hrútar:			
11-979 Blær	208	52%	1,73
12-970 Brúsi	210	65%	1,86
13-811 Jökull	119	75%	1,79
13-971 Ebiti	359	71%	1,85
13-981 Molli	41	45%	1,56
13-982 Móri	233	69%	1,88
14-812 Reykur	567	65%	1,72
14-972 Fannar	101	82%	1,94
14-973 Plútó	137	62%	1,61
15-983 Kollur	348	66%	1,76
17-813 Dúlli	419	70%	1,85
17-814 Guðni	603	57%	1,70
	3.345	65%	1,78
Aðrir hrútar:			
09-939 Lobbi	24	85%	1,92
12-978 Melur	57	75%	1,70
14-815 Strumpur	41	67%	1,75
15-977 Nikulás	29	96%	1,96
	151	78%	1,82
Samtals	16.042	66%	1,83
Sauðfjarsæðingarstöð Vesturlands	8.092	65%	1,82
Sauðfjarsæðingarstöð Suðurlands	7.950	68%	1,83
Samstilltar ær allt landið	1.017	51%	1,85
Samstillt á öðru gangmáli allt landið	180	56%	1,76
Fryst sæði allt landið	86	57%	1,71

*Gögn miðast við stöðu gagnagunns 28. okt. 2019

SAUÐFJÁR- SÆÐINGAR & BEIÐSLI

Ær ganga á 16 til 17 daga fresti frá nóvember og fram eftir vetri. Frjósemi þeirra er mest framan af þessu tímabili þ.e.a.s. á hefðbundnum fengitíma í desember.

Ærnar eru blæsma í u.þ.b. 2 sólarhringa (24 til 60 klst.) en egglosið verður 24-36 klst. eftir að beiðslíð byrjar. Sæðið lifir í allt að 24 klst. í leghálsi og eggjaleiðurum ána.

Úti í náttúrunni fylgir æxlunarathöfninni vellíðan og heiladingullinn framleiðir oxytocin hormón, sem m.a. veldur samdrætti í leginu. Verði kindin hrædd eða stressuð framleiða nýrnahetturarnar adrenalín sem kemur í veg fyrir oxytocinframleiðsluna og þar með eðlilegan flutning sæðisins úr leghálsi upp í eggjaleiðarana þar sem eggjið frjóvgast.

Af framangreindu er nokkuð augljóst að til þess að sæðingar gangi sem allra best þarf að tímasetja þær rétt miðað við egglos og ærnar þurfa að vera rólegar þegar þær eru sæddar. Rannsóknir hafa sýnt að sæðingar með frystu sæði hafa borið bestan árangur ef sætt er 16-24 klst. eftir að leitað er að blæsma ám í hjörðinni. Þá má búast við því að flestar ærnar séu á heppilegum sæðingatíma.

Athuganir hafa sýnt að hæsta fanghlutfallið eftir sæðingar er á stærstu fjárbúunum og á búum þar sem aðeins eru fáar ær. Það er líklegt að svo sé vegna þess að á þessum búum sé mest alúð lögð við féð. Á hreinu sauðfjárræktarbúunum eru engar kýr sem draga athyglina frá fénu og umgengnin um fjárhúsin er meiri en hún er á blönduðu búunum. Þar sem kindur eru mjög fáar er frístundabúskapur og kindurnar eru spök gæludýr. Að líkindum er minnsta stressið í sambandi við sæðingarnar á þessum búum.

MEÐHÖNDLUN SÆÐIS

FERSKT SÆÐI

Ferskt sæði er að öllu jöfnu sent frá sæðingastöðvunum við 10 °C og kemur það fram á brúsanum. Kæla þarf sæðið niður í 5°C eftir kl. 13.00 og geyma það og flytja þannig þar eftir. Fordast skal allar hitasveiflur en þær geta drepið sæðisfrumurnar. Hiti undir frostmarki drepur sæðisfrumurnar!

Mjög mikilvægt er að þurrka stráíð vel áður en það er sett í sæðingatækið með hreinum pappír!

Ferskt sæði skal helst nota innan við 12 tímum eftir sæðistöku en þó getur sæði sem geymt er við réttar aðstæður lifað í rúman sólarhring. Eftir því sem sæðið verður eldra minnka þó gæði þess.

FRYST SÆÐI

Sæðiskúturinn inniheldur fljótandi köfnunarefni (-196 °C) sem endist í 5-7 vikur án þess að bætt sé á hann. Ef allt köfnunarefnið gufar upp eyðileggst sæðið. Það er mikilvægt að fylgjast með því að nóg köfnunarefni sé á kútnum. Það má gera með því að stinga hreinum járntein ofan í kútinn og hafa hann þar í eina mínútu. Hrímið á teininum sýnir hversu mikið köfnunarefni er í kútnum. Ekki mega vera minna en 5 cm af köfnunarefni í kútnum.

Þegar sæðisstrá er tekið úr kútnum er mikilvægt að lyfta ekki hylkinu með stráunum upp úr kútnum heldur taka eitt strá úr hylkinu með þar til gerðri töng með hylkið ofan í hálsi kútsins. Hylkinu má ekki halda upp úr köfnunarefninu í meira en 5-10 sek. í einu. Þurfi meiri tíma til að finna viðkomandi strá látið hylkið þá aftur niður í um eina mínútu.

ÞÍÐING Á SÆÐISSTRÁUM

Stráinu þarf að koma eins fljótt og hægt er úr köfnunarefninu í vatnsbað með réttu hitastigi.

Ministrá skal þíða í 35 °C heitu vatnsbaði í 15 sek.

Mediumstrá skal þíða í 50 °C heitu vatnsbaði í 14 sek.

Mæla þarf hitastig vatnsins reglubundið (helst fyrir hverja upptíðingu). Nauðsynlegt er að hafa hitabrusa með sjóðandi eða mjög heitu vatni við hendina til þess að stilla hitastig vatnsins sem þitt er í. Í köldum fjárhúsum kólnar vatnið hratt.

Þíðið aldrei nema eitt strá í einu.

Mæla má tímann með því að telja 1001, 1002, 1003 o.s.frv. ef klukka með sekúnduvísí er ekki við hendina. Athugið að flestir farsímar eru með skeiðklukku.

Þurrikið af stráinu með hreinum pappír eftir þíðingu. Vatn drepur sæðisfrumurnar.

Þídd strá skal nota samstundis.

Hitið sæðingatækið, t.d. innanklæða, í 20-25 °C eða með því að nudda það fast áður en stráíð er sett í.

Passið að sæðingatækið sé þurrt.

Eftir að stráíð hefur verið sett í sæðingatækið hafið það innanklæða þar til sætt er til þess að verja sæðið fyrir hitasveiflum.

Gætið ítrasta hreinlætis og farið varlega í kringum fljótandi köfnunarefni.

Athugið að upptídd strá skal nota strax!

SKRÁNING OG UPPGJÖR SÆÐINGA

Upplýsingar um árangur úr sæðingunum gefa mikilvægar upplýsingar um t.d. frjósemi, sæðisgæði, árangur eftir sæðingamönnum og stöðvum o.s.frv. Það er því mikilvægt að sæðingar séu skráðar sem allra fyrst.

Hægt er að skrá eða senda þessar upplýsingar inn á tvo mismunandi vegu:

SKRÁNING SÆÐINGADAGBÓKA

Að afloknum sæðingum eru viðeigandi blöð send til skráningar hjá búnaðarsamböndum á viðkomandi svæði.

SKRÁNING Í FJARVIS.IS

- Skráíð ykkur inn á www.fjarvis.is.
- Veljið <Skrá sæðingu> í valröndinni vinstra megin.
- Skráíð
 - kennitölu sæðingamanns,
 - sæð.dags., hvort ærin/ærnar var/voru samstillt/ar eða ósamstillt/ar,
 - tegund sæðis, hrút og svo þær ær sem voru sæddar þennan dag með áður völdum hrút.

Þetta er svo endurtekið fyrir hvern sæðingadag, sæðingamann og hrút þar til allar sæðingar hafa verið skráðar.

SAMSTILLINGAR

Sumir velja þann kost að samstillta gangmál ána sem á að sæða. Þannig geta menn sætt þær ær sem þeir vilja helst. Þeir þurfa ekki að láta sæða nema einn dag og burðurinn tekur styttri tíma.

Ókostir þess að samstillta ærnar eru að það kostar peninga og fanghlutfallið hefur verið talsvert lakara en á ósamstilltum gangmálum.

Þegar ær eru samstilltar er það oftast gert þannig að sérstökum svampi sem inniheldur fósturlífsvaka er komið fyrir í skeið ærinnar. Hann er hafður í skeiðinni í 14 daga. Réttur sæðingatími er 55 (50-60) klst. eftir að svampurinn er fjarlægður úr skeið ærinnar. Sæðinguna ætti að framkvæma eins og áður var lýst.

Það er einnig hægt að leita að beiðandi ám, byrja að leita sólarhring eftir að svamparnir eru teknir úr og sæða 16-24 klst. eftir að beiðslíð sést.

SÆÐING Á ÖÐRU GANGMÁLI FRÁ SAMSTILLINGU

Nokkrir bændur hafa reynt að nýta kosti samstillinga og halda fanghlutfallinu uppi. Þá hafa þeir samstillt á venjulegan hátt en ekki sætt fyrr en á öðru gangmáli. Flestar ærnar beiða 19 dögum eftir að svamparnir eru teknir úr. Hluti þeirra beiðir eftir 18 daga, en mjög fáar eftir 17 eða 20 daga. Þessari aðferð er hins vegar ekki hægt að mæla með nema menn hafi aðgang að sæðingum 2-3 daga í röð.

VINNULAGSREGLUR

SÆÐINGAR

Hiti yfir frostmarki, gott skipulag, rólegheit. Egglos verður 30-36 klst. eftir upphaf blæsmiss.

Dæmi:

Sæðing kl. 15. Leitað í fénu kl. 10 daginn áður og blæsma ær merktar eða skráðar.

Leitað um miðnætti eða fyrir kl. 8 dagana sem á að sæða og valdar ær til að sæða.

SAMSTILLING

Svampur hafður í 14 daga. Sæðing 55 klst. eftir úrtöku.

Dæmi:

Sæðing 15. desember kl. 15.

Svampar settir í 29. nóvember.

Svampar teknir úr 13. des. kl. 7.

SAMSTILLT OG SÆTT Á ÖÐRU GANGMÁLI

Svampur hafður í 14 daga. Sætt 18 og 19 dögum eftir úrtöku.

Dæmi:

Sæðing 15. desember kl. 15.

Svampar settir í 13. nóv.

Svampar teknir úr 27. nóv.

Leitað 15. des. kl. 8.

Sæðing 16. desember kl. 15.

Leitað 16. des. kl. 8. 2/3 ána að ganga.

GÓÐ RÁÐ

Hvernig nærðu sem hæstu fanghlutfalli í sæðingum

Daginn áður en á að sæða er farið í húsin fyrir hádegi og athugað hvaða ær eru blæsma. Þær ær sem þá eru að ganga verður of seint að sæða.

Seint kvöldið áður eða snemma daginn sem á að sæða eru teknar til þær ær sem á að sæða og þær settar sér í stíu nærri hrútunum.

Það ættu að líða 6-20 klst. frá því að ærnar eru valdar þangað til þær eru sæddar. Þessi háttur er svo hafður á alla dagana sem sætt er.

Þegar kemur að sæðingunum er gott að vera búinn að gefa á garðann svo ærnar séu rólegar og fjárhirðirinn ætti að fara einn með sæðingamanninum í húsin.

Hiti í húsunum ætti að vera rétt fyrir ofan frostmark.

Sæðinguna ætti svo að framkvæma í góðu ljósi án þess að ærnar séu dregnar eða reknar til í húsinu.

Forðist að neinir aðrir en sæðingamaðurinn og fjárhirðirinn séu að þvælast í fénu.

Það hefur sýnt sig skila mjög bættum sæðingaárangri að hafa hrút í nálægð við ærnar þegar sætt er.



VERNDANDI ARFGERÐ

ARR/ARR; ARR/ARQ;
ARR/ARH; ARR/AHQ

Erfðafræðilega mest
verndandi. Finnst ekki
í íslensku fé.



LÍTIÐ NÆM ARFGERÐ

AHQ/AHQ;
AHQ/ARQ

Erfðafræðilega lítið
næm fyrir smiti.



MIÐLUNGS NÆM ARFGERÐ

ARQ/ARQ

Hlutlaus arfgerð. Algengasta
arfgerðin í íslensku fé.



ÁHÆTTU ARFGERÐ

ARQ/VRQ; AHQ/VRQ;
VRQ/VRQ

Erfðafræðilega mikið
næmi fyrir smiti.

ARFGERÐIR SAUÐFJÁR

SIGRÚN BJARNADÓTTIR | Dýralæknir sauðfjár- og nautgripasjúkdóma, Mast
STEFANÍA ÞORGEIRSDÓTTIR | Sérfræðingur við Tilraunastöðina á Keldum

Rannsóknir sýna að næmi sauðfjár fyrir riðusmiti er breytilegt út frá svokallaðri PrP arfgerð þríongena. Vitað er að VRQ genasamsætan er tengd við mikið næmi fyrir hefðbundinni riðuveiki. ARQ og ARH genasamsæturnar eru í meðallagi næmar og AHQ er með lítið næmi. ARR-genasamsætan veitir viðnám gegn smiti og mun arfhreina arfgerðin ARR/ARR vera afar þolin gagnvart smiti.

Undanfarin ár hefur verið vöktun á arfgerðum þríongensins í kindum sem greinast með riðu og hafa tvö jákvæð tilfelli verið staðfest með arfgerðina AHQ sem upphaflega var talin geta veitt vernd gegn riðu í íslensku fé. Í báðum tilvikum var um einkennalausar kindur að ræða (sláturhúsasýni og niðurskurðarsýni).

Þetta bendir til að sú arfgerð gefi ekki þá vernd sem áður var talið. Einnig hefur komið í ljós að sú arfgerð er algeng í tilfellum Nor98 riðu, en sú gerð riðu er ekki talin smitandi og því ekki þörf á niðurskurði þar sem hún greinist.

Það er hins vegar ekki þar með sagt að arfgerðin veiti enga vernd heldur getur hún minnkað líkur á að kindur

taki smit. Meiri líkur eru á að kindur með áhættuarfgerðina VRQ smitist af riðuveiki, sé smitefnið til staðar í umhverfi þeirra. Því ætti að leggja áherslu á að fækka fé með þá arfgerð.

Á áhættusvæðum þar sem riða hefur greinst á síðastliðnum 20 árum er arfgerðargreining mikilvægur liður í fyrirbyggjandi aðgerðum. Sérstaklega er þetta mikilvægt

á búum þar sem riða hefur greinst á árum áður. Einnig ættu söluaðilar á líflambasölusvæðum að vinna í því að losa hjarðir sínar við einstaklinga með áhættuarfgerðir.

Íslenska fjárkynið hefur færri genasamsætur en erlend fjárkyn, þönu genasamsæturnar ARR og ARH finnast til að mynda ekki.



MYNDIR FRÁ GRÆNLANDI



Upernaviarsuk, hús skólans er þetta gráa, fjárhúsin vinstra megin, uppi á hæðinni.

Í september s.l. lagði ljósmynda-
klúbburinn Blik á Selfossi land
undir fót og hélt til Grænlands.

Með í för var aðalljósmyndari
hrútaskráarinnar, Halla Eygló
Sveinsdóttir, og hér birtist hluti
afraksturs ferðarinnar.

Hópurinn heimsótti m.a. tilrauna-
stöðina og landbúnaðarskólann
í Upernaviarsuk sem stendur
um 7 km vestan við Qaqortoq
(Julianeháb) á sama skaga og
kirkjan í Hvalsey, sunnan Eiríks-
fjarðar og norðan Einarsfjarðar.

Í Upernaviarsuk eru t.d. stundaðar
matjurtatilraunir og þar er gróður-
hús ásamt fjárhúsum.

Þá er landbúnaðarskólinn þar
og í vetur stunda 3 nemendur
nám við skólann sem er heima-
vistarskóli. Nemendur skólans
fara svo alla jöfnu í verknám
til Íslands. Skólastjóri, kennari
og tilraunastjóri er Lasse Bjerge
sem stundaði nám hérlendis á
sínunum tíma og er altalandi
á íslensku.



Í fjárhúsum landbúnaðarskólans í Upernaviarsuk,
takið eftir plastristunum.



Sauðfé á beit. Jarðvegur er grunnur á Grænlandi,
ræktun erfið og tún lítil.

Hópurinn kom við í Brattahlíð þar sem Eiríkur rauði bjó en Brattahlíð liggur beint á mótí flugvöllinum í Narsarsuaq. Í Brattahlíð eru ein fjögur sauðfjárbú með rúmlega tvö þúsund vetrarfóðraðar ær.



Frá Brattahlíð

Ferðamátinn er fyrst fremst sjóleiðis og á siglingum milli staða þar margt fyrir augu. Meðal annars reisuleg sauðfjárbú. Hópurinn dvaldi í Narsaq en þar er t.d. eina sláturhúsið og allir fjárflutningar fara fram sjóleiðina.

Sauðfjárbú við Eiríksfjörð.



Narsaq, bærinn stendur undir Fjallinu stóra, Qaqarssuaq (685 m)





RML
RÁÐGJAFARMIÐSTÖÐ
LANDBÚNAÐARINS

Við sérhæfum okkur í þinni starfsemi



Alhliða ráðgjöf fyrir sauðfjorbændur varðandi:

- Ræktun sauðfjár
- Fjárhúsbyggingar
- Fóðrun
- Jarðrækt
- Rekstur
- Skýrsluhald
- Og fleira

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins sinnir víðtækri landbúnaðarráðgjöf um allt land. Ráðgjöf okkar er sniðin að þörfum landbúnaðarins hverju sinni. Kynntu þér málið á rml.is og pantaðu tíma hjá ráðgjafa eða í síma 516 5000.



Gæði – alla leið!

ÍSLENSKA SVEITIN OG SS – FYRIR ÞIG

Stefán Geirsson og Silja Rún Kjartansdóttir í Gerðum eru hluti þeirra 900 bænda sem eiga SS.



Oddur Árnason
KJÖTMEISTARI ÍSLANDS 2018

„Til að skapa afbragðs SS kjötvörur þá eru gæði hráefnisins og uppruni lykilatriði. Vönduð vinnubrögð góðra bænda ásamt rétttri meðhöndlun tryggja að kjötvörur frá SS skila gæðum alla leið á diskinn þinn.“

